FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

Sumartjútt & tilboð!

Sumarið er til þess að njóta og fara út að leika. Skemmtileg sólskinstilboð á nova.is fyrir alla hjá Nova.

20% afsl.

Spikebolti
11.192 kr.
~~13.990 kr.~~

30% afsl.

Populele
Snjallgítar
13.993 kr.
~~19.990 kr.~~

30% afsl.

XQ
Partý-hátalari
12.593 kr.
~~17.990 kr.~~

NOVA

Úrlausn hjá Nova!

Úrið er allt sem þarf til að leika og njóta.

eSIM

Úrlausn fylgir í 4 mán.

20.000 króna afsl.

Apple
Watch SE LTE
Silfur 44mm
51.990 kr.
~~71.990 kr.~~

5.000 króna afsl.

Apple
Watch 7 LTE
41mm
94.990 kr.
~~99.990 kr.~~

Úrlausn fylgir í 4 mán.

10% afsl.

Apple
iPad 10,2”
9. kynslóð
64GB
58.491 kr.
~~64.990 kr.~~

10% afsl.

Apple
iPad mini
6. kynslóð
64GB
89.991 kr.
~~99.990 kr.~~

Sumarið hljómar vel!

Taktu tónlistina, hlaðvörpin og gleðina með í sumarfríið.

10% afsl.

Sonos
One
hátalari
35.991 kr.
~~39.990 kr.~~



5.000 króna afsl.

Apple
Airpods Pro
heyrnartól
39.990 kr.
~~44.990 kr.~~

NÝ VARA

XQ
Stubba-
hátalari
6.990 kr.

30% afsl.

Urbanista
Stockholm+
heyrnartól
9.093 kr.
~~12.990 kr.~~

20% afsl.

Urbanista
Lisbon
heyrnartól
4.472 kr.
~~5.590 kr.~~

Snjallt fyrir innipúka!

Allt sem þarf fyrir hám-horfið þegar veður-spáin bregst.

NÝ VARA

Samsung
Freestyle
myndvarpi
179.990 kr.

2.000 króna afsl.

Apple
TV 4K
32GB
28.990 kr.
~~30.990 kr.~~

Leikar
suma
fyrir þ

Renndu þé
leiktu þér o
að vökva þ

Þessi tilboð og meira til á **nova.is**.
Tilboðin gilda út **sunnudaginn 3. júlí**.

Besti díllinn er hjá Nova!

Varð Afi 28 ára og er enn að

Lífið ➤ 16

Ekki verður frá Eyjum gengið

Lífið ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ

133. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 1. JÚLÍ 2022

Fjöldi fólks sýndi hinsegin samfélagi Osló samstöðu á Austurvelli í gær og krafðist aðgerða um bætta hinsegin fræðslu á Íslandi. Árásarmaður sem myrti tvo og særði yfir tuttugu manns í skotárás á hinsegin skemmtistað í miðbæ Oslóar situr í gæsluvarðhaldi lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ríkið sogar til sín sérfræðinga af verkfræðistofum landsins

Ríkisstofnanir yfirbjóða einkareknar verkfræðistofur í launum og starfskjörum sem fyrir vikið verða af sínum verðmætustu starfsmönnum, að mati Félags ráðgjafarverkfræðinga.

ser@frettabladid.is

ATVINNULÍF Ríkisstofnanir hér á landi hafa á síðustu árum leitt launaþróun hjá sérfræðigreinum á borð við verkfræði og eiga einkareknar stofur orðið erfitt með að keppa við stofnanirnar um starfsfólk.

Þetta staðfestir ný könnun sem fyrirtækið Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra verkfræðistofa, en hún sýnir að aukin sérfræðivinna innan opinbera geirans hafi dregið úr vexti einkafyrirtækja í greininni á síðustu tólf mánuðum.

„Sú var tíðin að verkfræðingar hjá ríkinu sættu sig við öruggari störf fyrir lægri laun en tíðkuðust á almennum markaði, en núna hefur ríkið tekið fram úr einkageiranum í þeim launakjörum sem eru í boði," segir Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga.

Hann segir þessa þróun hafa byrjað nokkrum árum eftir hrun þegar stofnanir fengu aukið fjármagn eftir mögru árin á undan, en þá hafi opinberi geirinn byrjað að stefna verkefnum inn á við.

„Núna auglýsa ríkisstofnanir mánaðarlega eftir verkfræðingum og öðrum sérfræðingum til starfa innan sinna raða," bætir Reynir við.

> **Núna hefur ríkið tekið fram úr einkageiranum í þeim launakjörum sem eru í boði.**

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að sakir fyrrgreindrar þróunar verði framboð af sérmenntuðu vinnuafli takmarkandi þáttur fyrir vöxt einkafyrirtækja í greininni á næstu misserum.

„Þetta er bagalegt fyrir verkfræðistofur landsins, sem verða af sínum reynslumestu sérfræðingum og þurfa eiginlega að byrja upp á nýtt með nýútskrifuðu fólki," segir Reynir, sem segir þetta ekkert spara þegar upp er staðið fyrir ríkið, en samfélagið verði af miðlægri þjónustu sérfræðinga fyrir vikið. Hann segir þetta draga úr krafti og vaxtargetu stofanna og nefnir sem dæmi Eflu, sem hafi flutt út verkvit fyrir tuttugu milljarða frá árinu 2009, en sú fjármunamyndun sé í hættu vegna spekileka sérfræðinga í faðm ríkisins.

Könnunin var gerð í maí í ár á meðal 25 verkfræðistofa og var svarhlutfallið 48 prósent. Velta hjá fyrirtækjum sem svara könnuninni var 22,8 milljarðar króna á síðustu tólf mánuðum og er það ríflega 57 prósent af heildarveltu allra fyrirtækja í greininni. ■

Glórulaus stefna í áfengismálum

ÁFENGI „Þetta er gífurleg stefnubreyting hjá ríkisvaldinu, eiginlega glórulaus," segir Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ, um heimsendingarþjónustu Heimkaupa á áfengi.

„Það hefur hjálpað okkur hvað aðgengi að áfengi er takmarkað," segir Anna Hildur og spyr hvað ríkið ætli að gera þegar vandinn aukist.

Anna Hildur Guðmundsdóttir.

„Við fylgjum regluverki, allt er löglegt," segir Pálmi Guðmundsson hjá Heimkaupum. Ríkið hafi aukið aðgengi að áfengi með fleiri búðum og lengri afgreiðslutíma. SJÁ SÍÐU 6



Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ekki lagaheimild fyrir öryggisgangi

gar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Það er álit mitt að ekki séu fyrir hendi fullnægjandi heimildir í lögum til vistunar á öryggisgangi réttargeðdeildar, eins og því úrræði hefur verið lýst af hálfu Landspítala," segir í nýju áliti umboðsmanns Alþingis.

Frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis hófst meðal annars vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um vistun og aðbúnað sjúklinga á öryggisgangi réttargeðdeildar á Kleppi á Landspítala „þar sem einkum dvelja menn sem dæmdir hafa verið til vistunar á „viðeigandi hæli" á grundvelli hegningarlaga", eins og segir í áliti umboðsmanns.

Umboðsmaður segir engar sértækar reglur að finna í gildandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum um nánari málsmeðferð við töku ákvarðana um vistun á öryggisgangi deildarinnar eða möguleikum sjúklings til endurskoðunar.

> Skortur á lagalegri umgjörð og aðhaldi kann að skapa hættu á því að vistun á öryggisgangi verði lengri en efni standa til.
>
> Umboðsmaður Alþingis

„Téður skortur á lagalegri umgjörð og aðhaldi kann að skapa hættu á því að vistun á öryggisgangi verði lengri en efni standa til auk þess sem líkur á misbeitingu úrræðisins verða óhjákvæmilega meiri en ella," útskýrir umboðsmaður sem kveðst því árétta fyrri tilmæli til heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og Alþingis um að tekin verði afstaða til þess hvort og þá hvernig rétt sé að bregðast við skorti á lagaheimildum, „ef á annað borð sé talið nauðsynlegt að viðhafa þá starfshætti á réttargeðdeild Landspítala sem frá er greint, og eftir atvikum á lokuðum deildum annarra heilbrigðisstofnana". ■

Fleiri til Íslands vegna hvalveiða

gar@frettabladid.is

HVALVEIÐAR Samtökin Sea Shepherd sem barist hafa af hörku gegn hvalveiðum við Ísland sem og annars staðar hafa nú nokkurn viðbúnað hér á landi vegna hvalveiða Hvals hf.

Liðsmenn samtakanna hafa fylgst með starfseminni við stöð Hvals í Hvalfirði undanfarna viku og segjast munu gera það áfram.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bættust í gær fleiri liðsmenn Sea Shepherd í hópinn. Komu þeir til Seyðisfjarðar með Norrænu á tveimur bílum.

Á Facebook-síðu samtakanna er því heitið að fylgst verði með starfsemi Hvals og þeirri tilgangslausu slátrun sem fyrirtækið er sagt stunda. ■

Átök á Akureyri

Keppendur á N1 mótinu í fótbolta sem hófst á Akureyri í fyrradag drógu ekkert af sér á vellinum, eins og þessir krakkar úr KA Steinþóri og liði ÍBV 2 í gær þar sem KA vann 2-1. Bein útsending frá öllum leikjum sem fram fara á velli 8 eru á KA-TV á Youtube. „Að móti loknu er hægt að kaupa upptöku af sjónvarpsleikjum mótsins og minningin án efa mun skemmtilegri þegar lýsendur leikjanna hafa nöfn keppenda," segir á heimasíðu KA. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hellarnir við Hellu lýstu upp brúðkaup með þremur siðum

Nick Reeves frá Skotlandi gekk að eiga eiginmann sinn, Mikael Georgsson frá Póllandi í keltnesku hellunum við Hellu. Seiðkarl frá Póllandi, sem kallast Zerca, gaf þá saman og var dansað og drukkið fram á rauða nótt.

benediktboas@frettabladid.is

Mike og Nick í kapellunni í Hellunum við Hellu. Þeir ætla í brúðkaupsferð til Japans næsta vor og vera í einn mánuð. MYND/AÐSEND

SAMFÉLAG „Þetta var ótrúlegur dagur og yndislegt kvöld. Veislan var í stærsta hellinum með frábærum mat og miklu viskíi – eðlilega. Þegar Pólverjar, Íslendingar og Skotar koma saman má gera ráð fyrir að partíið standi fram á rauða nótt," segir Skotinn Nick Reeves, sem gekk að eiga eiginmann sinn, Mikael Georgsson, frá Póllandi, í Kapellu hellanna við Hellu.

Nick, sem starfar sem leiðsögumaður hér á landi, segir að það hafi ekki verið erfið ákvörðun að halda brúðkaupið hér á landi. Hér kynntust þeir, urðu ástfangnir og hér sé þeirra heimili. Eftir að það hafi verið ákveðið þurfti að finna stað og hann hafi orðið ástfanginn við fyrstu sýn þegar hann kom í Hellana við Hellu.

„Við vildum gera athöfnina að einhverju sérstöku og einstöku á einhvern hátt og ég meina; hversu margir hafa gift sig í gömlum keltneskum hellum?

Okkur fannst það góður kostur að taka keltneskar og skoskar hefðir og blanda þeim saman við pólskar og heiðnar rætur eiginmanns míns. Svo blönduðum við íslenskum hefðum við enda Ísland hluti af okkur. Við vildum ekki reita Óðin og aðra norræna guði til reiði með því að bjóða þeim ekki með," segir Nick léttur.

Sá sem gaf þá saman kallast Żerca og Nick útskýrir að hann sé meistari athafnarinnar, en þetta sé hluti frá heiðnum tímum. Þeir báðu besta vin sinn frá Póllandi til að bregða sér í hlutverkið en einnig höfðu foreldrar brúðgumanna stórt hlutverk í athöfninni.

„Mike fékk þá hugmynd að ekki aðeins sálir okkar myndu tengjast heldur einnig með vilja fjölskyldunnar myndu hnútar sem þau bundu um hendurnar okkar tengja okkur öll með táknrænum hætti."

Hugsað var fyrir hverju smáatriði í athöfninni og veislunni. Nick var að sjálfsögðu í ekta skotapilsi með fylgihlutum frá hálöndum Skotlands.

„Já, ég var sannur Skoti þennan dag og engin nærföt," segir hann og hlær. Mike var í hefðbundnum búningi frá Kraká í Póllandi þar sem hann fæddist. Báðir flugu til sinna heimalanda og létu sérsauma fötin.

„Veislan var svo í stærsta hellinum með þjóðlagatónlist sem bergmálaði um salinn með harmonikku og flautu. Maturinn var frábær og kakan unaðsleg frá Sandholti. Við gáfum hvor öðrum smá sneið fyrir framan alla gestina í hellinum til að styrkja gamla goðsögn sem hljómar á þá leið að ef maður fæðir einhvern með höndunum þýðir það að þið verðið saman að eilífu."

Gestirnir áttu í engum vandræðum að koma til landsins og gleðjast með þeim. „Það var ótrúlegt að finna fyrir kærleikanum og stuðningnum frá öllum. Þó að veðrið væri ekki með okkur í liði held ég að við gætum ekki valið betri stað fyrir okkar sérstaka dag," segir Nick stoltur. ■

HELLA
Landsmót
— 2022 —
3. – 10. JÚLÍ
“Með frelsi í faxins hvin munu Rangárbakkar duna af hófaslætti”
tix
BRIM SEAFOOD
BOLI
fremst fyrir bragðið
66° NORTH
olís
SUMARLIÐABÆR
BLUE LAGOON ICELAND
Arion banki
ICELANDAIR
LANDSTÓLPI
samskip

Vill herlið til Íslands sem gæti brugðist strax við árás á landið

bth@frettabladid.is

VARNARMÁL Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði og sérfræðingur í öryggis- og varnarmálum, segir að stóraukin umsvif rússneska hersins kalli á ný viðhorf til varnarmála hér á landi.

„Við þurfum að meta þörfina á að hafa hér lítið varnarlið til að koma í veg fyrir eða verjast hugsanlegum skemmdarverkum eða innrás, uns stærra lið bærist," segir Baldur.

Baldur telur að Íslendingar hafi hvorki þekkingu né pólitískan vilja til að stofna íslenskt varnarlið. Áhugavert gæti verið að horfa til Norðurlandanna með gæslu ef það gæti minnkað ágreining. Gæsla liðs sem næmi nokkur hundruð hermönnum gæti færst milli landa.

„Það hefur aldrei verið meiri hætta á átökum í Evrópu en nú frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Við þurfum að bregðast við því," segir Baldur.

Flotinn er sterkasti liður rússneska hersins en hann kemst ekki um Miðjarðarhafið og á í vandræðum með að athafna sig á Eystrasaltinu vegna ingöngu Finna og Svía í NATO.

„En rússneski flotinn getur athafnað sig í Norður-Atlantshafi. Ef átök breiðast út verðum við að vera viðbúin," segir Baldur.

Fælingarmáttur varnarliðs kunni einnig að vera nokkur.

„Hjá litlum ríkjum eins og Íslandi snýst allt um að koma í veg fyrir árás. Eitt skemmdarverk getur valdið mjög miklum skaða í litlu ríki," segir Baldur og bendir á mikilvægi Keflavíkur í alþjóðasamgöngum. ■

Heræfing í Hvalfirði í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands.

Hvíta-Rússland virkjar herskyldu

arnartomas@frettabladid.is

HVÍTA-RÚSSLAND Íbúar í Hvíta-Rússlandi fá nú sendar ítrekaðar tilkynningar um herskyldu, að sögn þarlenda fréttamiðilsins Zerkalo. Tilkynningarnar berist líka þeim sem hafi verið taldir óhæfir til herþjónustu.

Hvítrússneskar herskráningarstöðvar segja herkvaðninguna ekki tengjast stríðinu í Úkraínu heldur æfingum fyrir heimavarnarlið.

Hvítrússneski herinn hefur fjölgað í liði sínu við landamæri Úkraínu. Vladimír Pútín, forseti Rússlands, bauðst nýlega til þess að endurnýja orrustuþotur Hvítrússa svo þær gætu borið kjarnorkuvopn. ■

Gluggasmiðjan sökuð um svik

gar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Gluggasmiðjan hefur undanfarið ekki staðið skil á afhendingu til margra viðskiptavina sem hafa greitt háar upphæðir í staðfestingargjald. Þetta kemur fram í fréttum á dv.is.

Segist DV hvorki hafa náð í framkvæmdastjóra fyrirtækisins né sölustjórann. Margir viðskiptavinir hafi lýst þungum áhyggjum við DV.

Gluggasmiðjan hefur látið framleiða glugga og hurðir erlendis. ■

Bensínbíll kemst 160 kílómetrum styttra fyrir tíuþúsundkallinn

Bensín fyrir tíuþúsund krónur dugði ökumanni jepplings langleiðina frá Reykjavík til Egilsstaða í fyrra. Nú yrðu tankurinn tómur skammt frá Akureyri.

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Ökumaður jepplings, sem eyðir sjö lítrum á hundraðið og ekur á löglegum hraða, kemst fyrir tíu þúsund króna áfyllingu 161 kílómetra styttra í dag en fyrir ári.

Bíllinn kæmist litlu lengra en til Akureyrar fyrir tíuþúsundkallinn, eða að Hálskirkju. Fyrir ári hefði bíllinn komist langleiðina að Egilsstöðum, í Jökuldalinn.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Þetta sýna útreikningar FÍB fyrir Fréttablaðið vegna eldsneytishækkana undanfarið.

Miðað er við að ferðalagið hefjist við skrifstofur blaðsins í 101 Reykjavík.

Fyrir tíuþúsundkall hefði bíllinn komist 567 kílómetra í fyrra á jepplingnum. Nú hefði niðurstaðan orðið 406 kílómetra. Verð á bensíni slagar víða í 350 krónur og fór hærra í síðustu viku.

Ef bensín er sett á sama bíl fyrir fimmþúsundkall endar ferðalagið við Víðigerði í Vestur-Húnavatnssýslu. Í fyrra hefði jepplingurinn hins vegar farið langt með að ná dælunni í Varmahlíð í Skagafirði en sennilega orðið bensínlaus á Vatnsskarðinu.

Vegalengdin sem jepplingur kemst fyrir 10.000 krónur í dag og hvert hann komst fyrir ári síðan



161 kílómetri tapast milli ára miðað við 10.000 króna bensínáfyllingu jepplings.

Lítraverðið á bensíni er að sögn Runólfs Ólafssonar hjá FÍB um 100 krónum hærra í dag en fyrir ári. Fyrir 10.000 krónur tapast 161 km í dag miðað við bensínverð fyrir sléttu ári.

161 kílómetri er frá 101, Reykjavík að vegamótum þjóðvegar 1 og vegar 68, vestan Húnaflóa við gamla Brúarskála.

Innrásin í Úkraínu hefur aukið verðbólgu um allan heim, sumpart tengt Covid, umturnað heimsmarkaðsverði á jarðefnaeldsneyti sem hefur leitt til mikils kostnaðarauka fyrir þá sem þurfa að aka mikið, vinnu sinnar vegna.

FÍB er í hópi samtaka sem kallað hafa eftir að íslenska ríkið minnki álögur í verði bensínlítra en rétt um 50 prósent af verðinu ganga til ríkisins í formi ýmissa gjalda. ■

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Miðvikudaginn 6. júlí kemur út sérblaðið

EM kvenna í fótbolta

Stelpurnar okkar munu keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumótinu sem hefst sama dag og sérblaðið kemur út.

Þetta blað verður stútfullt af upplýsingum um íslenska liðið, liðin og leikmennina, ásamt ýmsum fróðleik um mótið.
Áfram Ísland!

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Meira gúrm á grillið

HAGKAUP

Tilboð gilda út 3. júlí

Lambalærissneiðar með salvíu, oregano og chili

3.699 kr/kg

30% feitur

Grill hamborgarinn 2 x 130 g

899 kr/pk

15% afsláttur

Hagkaups grilllæri með ferskum kryddjurtum

Verð áður 2.999

2.549 kr/kg

Nýtt

Nýr íslenskur sumardrykkur sem inniheldur engar kaloríur né sætuefni

289 kr/stk

Hagkaups meðlæti tilbúið beint á grillið

Verð frá **699** kr/stk

Nýtt

Gráðaostasósa með sér innfluttum frönskum Saint Agur gráðaosti

599 kr/stk



Michael Martin, forsætisráðherra Írlands, á NATO-fundinum í Madríd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Írar færast nær aðild að NATO

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÍRLAND Michael Martin, forsætisráðherra Írlands, mætti á leiðtogafund NATO í vikunni og greindi frá því að Írland væri að endurskoða öryggis- og varnarmál sín í ljósi árásargirni Rússa. Enn væri landið þó hlutlaust.

Írland er ekki í NATO en hefur verið í góðum samskiptum við varnarbandalagið frá árinu 1999 í gegnum tvö samstarfsverkefni. Meðal annars hafa NATO-lönd séð um að aðstoða Íra við varnir á lofthelginni og Írar hafa sent hermenn til Kósóvó.

Fram að þessu hafa kannanir bent til þess að írska þjóðin væri andsnúin inngöngu í NATO og vildi frekar halda stöðu sinni sem hlutlaus þjóð. Innrás Rússa gæti þó hafa breytt þessu því nýleg könnun sýndi 48 prósent stuðning við inngöngu en 39 prósent andstöðu.

Martin ræddi meðal annars við Joe Biden, Emmanuel Macron, Boris Johnson, Justin Trudeau og Katrínu Jakobsdóttur á fundinum.

„Þetta er ný tegund af stríði," sagði Martin og vísaði til þess að Rússar væru að nota matvæli, orku og flóttamenn sem vopn. Ítrekaði hann að vesturveldin yrðu að vera samstíga varðandi stuðning við Úkraínu. ■

Segir heimsent áfengi glórulausa stefnubreytingu hjá ríkisstjórninni

Glórulaus stefnubreyting stjórnvalda að alkóhólistar eigi þess nú kost að fá heimsent áfengi á innan við tveimur klukkutímum, að mati formanns SÁÁ. Þingmaður segir að tryggja þurfi jafnræði. Heimkaup lofa áfenginu á innan við tveimur tímum.

bth@frettabladid.is

Langstærstur hluti áfengis er keyptur í gegnum ÁTVR hér á landi en nú er margt að breytast. Deilt er um hvort um sjálfsagða þjónustu er að ræða eða alvarleg lýðheilsumistök. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

NEYTENDUR Deildar meiningar eru um áhrif þess að Heimkaup hófu í vikunni netsölu á áfengi, fyrst stórmarkaða, og aka áfengi heim til kaupenda. Formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum hefur lýst áfengissöluna ólöglega og kært til lögreglu. Danskt fyrirtæki, Heimkaup ApS, selur áfengið, því annað myndi brjóta gegn einokun ÁTVR á vínsölu. Dótturfélag innanlands dreifir vörunni.

„Tvímælalaust mun þetta skref auka áfengisvandann, aukið aðgengi eykur fíknvanda, það er sannað með vísindalegum rannsóknum og það vita yfirvöld hér á landi. Þetta er gífurleg stefnubreyting hjá ríkisvaldinu, eiginlega glórulaus," segir Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ.

Anna Hildur segir að sú spurning vakni hvað ríkið ætli að gera þegar vandinn eykst.

„Fyrir fólkið okkar sem á við vanda að stríða kallar það á ýmsa snúninga að þurfa að fara í ríkið. Kannski þarf að panta leigubíl, kannski skammast fólk sín og fer í fleiri en eitt ríki. En þarna fær fólk heimsent áfengi, einn tveir og þrír. Þetta auðveldar áfengisinnkaup og afleiðingar geta orðið mjög slæmar," segir Anna Hildur.

Drykkjuvandi einangraðra eldri borgara var til umfjöllunar í Fréttablaðinu í vikunni. Dagdrykkja þeirra hefur tvöfaldast undanfarið þótt vel hafi gefist að setja skorður við áfengissölu, að sögn Önnu Hildar. Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogi, áætlar að 20 prósent Íslendinga séu alkóhólistar.

> Tvímælalaust mun þetta skref auka áfengisvandann, aukið aðgengi eykur fíknvanda.

Anna Hildur Guðmundsdóttir, SÁÁ.

„Við höfum verið ákveðin fyrirmynd í áfengismálum," segir Anna Hildur. „Það hefur hjálpað okkur hvað aðgengi að áfengi er takmarkað."

Pálmi Guðmundsson hjá Heimkaupum segir að ríkið hafi sjálft aukið aðgengi að áfengi með fleiri búðum og lengri afgreiðslutíma. Hann segir fyrirtækið afhenda áfengið frá klukkan átta á morgnana til átta á kvöldin, alla daga vikunnar. Viðskiptin hafi farið vel af stað og góðvild meðal viðskiptavina.

„Við fylgjum regluverki, allt er löglegt. Það er fullt af fyrirtækjum sem eru að gera svipaða hluti og við," segir Pálmi og nefnir sem dæmi Amazon og Póstinn.

Viðskipti með áfengi hjá Heimkaupum eru sögð hafa farið vel af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Pálmi segir um gagnrýni SÁÁ að eftirlitið hjá Heimkaupum sé strangara en hjá ÁTVR þar sem enginn fái afgreiðslu hjá Heimkaupum án þess að sýna skilríki.

„Við getum ekki tjáð okkur um neysluvenjur fólks en ef eitthvað þá erum við að gera viðskiptavinum erfiðara fyrir en ÁTVR."

Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir fráleitt fyrir íslenska neytendur að innlendir aðilar geti ekki boðið upp á sömu þjónustu og erlend fyrirtæki. Heimkaup sé að reyna að brúa bil.

„Vandinn er sá að lögin eru ekki í takti við nútímann og þess vegna hefði verið farsælt skref að samþykkja frumvarp Hildar Sverrisdóttur í vor, eyða óvissu sem er til staðar," segir Óli Björn.

Óli Björn Kárason.

Með því vísar Óli Björn til þess að áður en Heimkaup hófu netsöluna áttu Íslendingar kost á áfengiskaupum frá erlendum aðilum í gegnum Internetið. Löggjafanum beri að tryggja jafnræði. ■

Aðalfundur Kuldabola ehf., kt. 430285-0179, Hafnarskeiði 12, 815 Þorlákshöfn, verður haldinn föstudaginn 15.. júlí 2022 kl. 11:00 á kaffistofu félagsins.

Dagskrá

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið rekstrarár.
3. Kosning stjórnar félagsins.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðum um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Heimild til stjórnar um kaup á eigin hlutum.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda verða hluthöfum til sýnis í síðasta lagi sjö dögum fyrir aðalfund á skrifstofu félagsins. Afhending fundargagna fer fram að ósk skráðra hluthafa. Vilji hluthafi koma dagskrárefni til umfjöllunar á aðalfundi skal tilkynna stjórn félagsins skriflega um tillöguna eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega eigi síðar en fimm dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar til skoðunar á skrifstofu félagsins tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þorlákshöfn, 30. júní 2022.
Stjórn Kuldabola ehf.

Teflt með Kúrda á borði stórvelda

thorgrimur@frettabladid.is

KÚRDAR „Það er augljóst að Kúrdum svíður mjög," sagði Ögmundur Jónasson, fyrrum ráðherra, um samkomulag sem Finnar og Svíar gerðu við Tyrki í vikunni til þess að fá Recep Tayyip Erdoğan Tyrklandsforseta til að samþykkja aðildarumsókn ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu.

Með samkomulaginu hafa Finnar og Svíar samþykkt að herða hryðjuverkalöggjöf sína, taka til greina framsalsbeiðnir Tyrkja á tilteknum Kúrdum í Svíþjóð og Finnlandi og skilgreina kúrdneskar þjóðernishreyfingar sem hryðjuverkasamtök.

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Kúrdar líta svo á að þarna sé verið að tefla með þeirra mannréttindi á borði stórvelda og hernaðarhagsmuna," sagði Ögmundur við Fréttablaðið. „Þeir gefa lítið fyrir að þeirra réttindi og hagsmunir séu í húfi."

Ögmundur segir þó að hann telji upphaflega andstöðu Erdoğans við NATO-aðild Norðurlandanna tveggja í reynd hafa verið skilaboð til Bandaríkjamanna.

„Ég held að hann hafi verið að segja við Bandaríkjamenn að þeir skuli hafa sig hæga varðandi stríðsrekstur Tyrkja í norðanverðu Sýrlandi og austan landamæra Tyrklands og Íraks. Þar hafa Tyrkir herjað án afláts frá því í apríl og það er bara síðasta hrinan í árásum þeirra þar. Ég held að hinn raunverulegi undirtónn hafi alltaf verið þessi: Skilaboð til Bandaríkjanna að sýna árásum Tyrkja suður og austur yfir landamærin skilning."

Nánar á frettabladid.is. ■

Dælum til góðs í dag

og ferðumst örugglega

5 krónur af hverjum seldum lítra renna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar í dag.

Lykil- og korthafar Olís og ÓB fá **25 kr. afslátt** af hverjum eldsneytislítra til miðnættis.*

Saga Club félagar fá **fjórfalda Vildarpunkta í dag 1. júlí.**

4x

Vildarpunktar Icelandair í dag, 1. júlí

-25 kr.

fyrir lykil- og korthafa Olís og ÓB* – aðeins í dag!

5 kr.

af eldsneytislítranum renna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar í dag!

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

olís

*Afslátturinn gildir ekki á ÓB-stöðvunum við Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup, Hamraborg og Hlíðarbraut á Akureyri. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.

Óvelkomið fólk

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Förum aðeins yfir þetta. Eina ferðina enn.

Hugverkageirann vantar níu þúsund manns. Ferðaþjónustan þarf átta þúsund manns. Okkur vantar pípara, múrara og rafvirkja. Við þurfum fólk sem byggir hús, fólk sem veitir þjónustu og fólk sem veitir aðhlynningu. Fólk í þorp, fólk í sveitir og fólk sem fær hugmyndir.

Okkur vantar ekki bara fólk inn í kerfið. Okkur vantar líka fólk sem stendur undir kerfinu. Við þurfum fleiri hendur á dekk. Til að halda sjó.

Það er ekki bara nóg að skapa störf, það þarf líka að manna þau. Það er ekki nóg að auka þjónustu, það þarf líka að fjármagna hana. Það er ekki nóg að teikna hús, það þarf líka að byggja það.

Þetta er allt saman vandlega kortlagt og útlistað.

Hér kemur svo algjört lykilatriði. Þar sem náttúruleg fjölgun þjóðarinnar slefar varla upp í fimmtung þess sem við þurfum, þá þarf innspýtingin að koma að utan.

Við eigum sem sagt ekki nóg með okkur sjálf. Þótt einhverjir kunni að halda öðru fram.

Þess vegna er það svo undarlegt að við skulum ríghalda í allar þessar löngu úreltu gaddavírsgirðingar sem við höfum reist inn á íslenskan vinnumarkað. Sérstaklega ef fólk vogar sér að koma frá löndum utan Evrópu.

Það virðist engu skipta þótt forsprakkar atvinnulífsins kvarti undan þessu. Aftur og aftur. Þótt allir sjái tvískinnunginn. Ekkert breytist.

En tvískinnungurinn á sér annað andlit. Sem blasir við fólki sem fær aldrei að koma lengra en inn í anddyrið.

Í gær sögðu tvær konur frá Venesúela sögu sína. Þær, líkt og hundruð annarra í sömu sporum, komu hingað til lands í leit að festu og öryggi.

Þær þrá ekkert heitar en að leggjast á árarnar. Manna störf og auðga samfélagið. Sem er einmitt það sem við þurfum.

En við mætum þeim auðvitað með brottvísun. Vegna þess að reglur, sem eru mannanna verk, segja nei.

Skítt með atvinnuleyfið ykkar. Skítt með óöryggið og ofsóknirnar sem bíða ykkar. Skítt með mannekluna. Kerfið segir nei.

Í alvörunni talað, þetta þarf ekki að vera svona. Allt snýst þetta á endanum um að bæta hag sem flestra. Skynsemi í bland við smá snefil af mennsku. Breytum þessu. ■

> Í alvörunni talað, þetta þarf ekki að vera svona.

Halldór

Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Á vegum úti
Vegagerðin er ekki vinsælasta stofnun landsins þessa dagana enda hafa endalausar vega-framkvæmdir ekki farið framhjá neinum sem tekur þátt í umferðinni. Ef það er ekki verið að klæða, þá er verið að fræsa, lagfæra, fylla eða einfaldlega þvera veg. Hvort sem um er að ræða borg eða landsbyggð þá hafa mikilvægar áætlanir íbúa landsins samanlagt tafist um óratíma og það er því fullskiljanlegt að Vegagerðinni sé blótað í sand og ösku. Vonandi fer þessum framkvæmdum þeirra að linna svo fólk geti einbeitt sér að brýnni málefnum á borð við vonlausu ástandi vega um land allt.

Nýjungar í sprúttsölu
Góðtemplarar beina nú spjótum sínum gegn Heimkaupum og netsölu þeirra á áfengi sem fór í loftið á dögunum. Formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum lagði inn kæru gegn versluninni sem hann segir brjóta í bága við lögin. Aukið aðgengi að áfengi er jú áhyggjuefni þegar blessuð börnin eru annars vegar. Sem betur fer er nauðsynlegt að eiga rafræn skilríki svo salan geti farið fram, eitthvað sem hefur til þessa ekki verið fyrirstaða hjá landa- og sprúttsölum landsins öðrum en ÁTVR. ■

Þrjú góð mál fyrir börn og aðra

Skúli Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs

Borgarráð samþykkti í gær þrjár tillögur sem afgreiddar voru samhljóða úr menningar-, íþrótta- og tómstundaráði í vikunni og tengjast allar fyrstu aðgerðum í meirihlutasáttmála Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Tillögurnar gera lífið léttara fyrir barnafjölskyldur og skemmtilegra fyrir fólk á öllum aldri.

Frístundastyrkur hækkar um 50% um næstu áramót og munar um minna, en þá mun borgin greiða með hverju barni 75 þúsund krónur á ári til að létta undir með foreldrum varðandi fjármögnun skipulegs frístundastarfs. Frístundastyrkurinn hefur fyrir löngu sannað gildi sitt en hann hækkaði síðast árið 2017 og er væntanleg hækkun sú mesta síðan styrkurinn var tekinn upp árið 2006. Hún á að styrkja stöðu barnafjölskyldna sem ekki er vanþörf á þegar verðbólgan lætur á sér kræla svo um munar. Við munum fela Íþróttabandalagi Reykjavíkur að hafa sérstakt eftirlit með því að hækkunin leiði ekki sjálfkrafa til mun hærri notendagjalda. Við munum samhliða skoða leiðir til að auka þátttöku barna í frístundum í hverfum þar sem þátttakan hefur verið undir meðallagi.

Önnur aðgerð sem kemur barnafjölskyldum til góða er frítt í sund fyrir börn. Frá og með með 1. ágúst verður ókeypis í sundlaugar borgarinnar fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Sundið er frábær heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og börn vita fátt skemmtilegra en að skella sér í sund með fjölskyldu eða vinum. Frítt í sund gerir vonandi gott sumar enn þá betra fyrir börnin í borginni. Boðið verður upp á endurgreiðslu á sundkortum.

Síðast en ekki síst hefur verið samþykkt að hafa eina sundlaug í borginni, Laugardalslaug, opna til miðnættis einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum. Þetta verður reynt í tilraunaskyni til að byrja með frá 4. ágúst til áramóta og ef vel gengur er vilji til að halda því áfram. Við vonumst til að þessu verði vel tekið og miðnæturopnunin geri sundmenninguna í borginni enn líflegri og skemmtilegri. Gleðilegt sumar! ■

> Tillögurnar gera lífið léttara fyrir barnafjölskyldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Í hvað á orkan að fara?

Í dag

Guðmundur Steingrímsson

Mig rekur ekki minni til þess að einhvern tímann hafi íslenskur stjórnmálamaður, eða yfirleitt nokkur áhrifamanneskja, barist fyrir því að þegar kæmi að íslenskri, vistvænni orku yrði forgangsröðunin sú, að fyrst skyldum við selja fyrir slikk sem mest af henni til erlendra stórfyrirtækja, og svo skyldi almenningur í landinu – og orkuþörf hans – vera í öðru sæti. Mér finnst eins og mun fremur hafi ríkt mikill og víður einhugur um það á Íslandi að orkan sem framleidd er í landinu skuli fyrst og fremst gagnast til að sinna orkuþörf fólksins í landinu, sem kallað er. Til að mynda ríkir hér nokkuð djúpstætt stolt yfir því að orkan skuli nýtast til að hita upp nánast allan húsakost og til að færa fjölskyldum og fyrirtækjum nánast allt rafmagn sem til þarf svo hægt sé að reka nútímaleg heimili og fyrirtæki.

Um þessa nýtingu á orku Íslendinga hefur ríkt mikil sátt. Hins vegar hefur alls ekki ríkt sátt um þær ákvarðanir sem að öðru leyti hafa verið teknar varðandi orkuauðlindirnar. Á síðari hluta síðustu aldar og í upphafi þessarar myndaðist mikið kapphlaup á meðal hagsmunaaðila og vissra stjórnmálaafla, í andstöðu við um það bil helming þjóðarinnar gróft á giskað, um að framleiða mun meiri orku heldur en þurfti til að sinna almenningi og reyna eftir fremsta megni að nota hana til þess að fá hingað til lands stórfyrirtæki sem sköpuðu störf á afmörkuðum svæðum. Á tímabili kvað svo rammt að þessum hugsunarhætti að ekki var talað um að selja þessum fyrirtækjum orku heldur var fjálglega talað um það að afhenda þeim hana, sem reyndist vera lýsandi orðalag því orkuverðið var hlægilegt. Auk þess var þessum fyrirtækjum boðin alls konar vildarkjör varðandi skatta og opinber gjöld.

Nú er staðan sú að upp undir 80% af orkunni sem Íslendingar framleiða rennur til þessara örfáu, en stóru fyrirtækja. Og þó svo að það hafi tekist að vinda ofan af upphaflegum samningum um orkusölu til þeirra og gera þá hagstæðari Íslendingum, stendur eftir sú staðreynd að um þessa stefnumörkun – um þennan hluta orkuframleiðslunnar – hefur aldrei ríkt nokkur einasti einhugur. Það er stóra staðreyndin þegar kemur að orkumálum þjóðarinnar.

Ekki er hægt að láta eins og þetta ósætti sé ekki til – eða auðveldlega megi skauta fram hjá því – þegar kemur að því að taka ákvarðanir um framhaldið.

Ósættið byggir á málefnalegum grundvallarmun á því hvernig fólk sér samfélagið fyrir sér. Á það var margoft bent að Íslendingar hefðu getað – og geta enn – farið fjölmargar aðrar leiðir til þess að skapa störf og atvinnu, farsæld og hagvöxt. Það þurfti ekki að fórna náttúruperlum fyrir virkjanir handa álverum. Við síðustu rimmuna um virkjun og vernd, í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar, hlógu virkjunarsinnar og fórnuðu mjög höndum yfir þeim sjónarmiðum að sigurstranglegra væri að veðja frekar á aðrar atvinnugreinar en kolefnisspúandi málmiðnað. Hlegið var að hugmyndum um uppbyggingu á til dæmis ferðaþjónustu. Nú er hins vegar ferðaþjónusta stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Og vistvænn hugverkaiðnaður gæti orðið enn stærri.

Þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um virkjanir og orkusölu – fyrir utan þær sem hafa verið teknar með það að markmiði að sinna þörf almennings – eru í stuttu máli ein samfelld hörmungarsaga. Framsýni hefur algjörlega skort. Það er eins og mikilvægar og ógnarstórar ákvarðanir hafi verið teknar án heilbrigðs framheila. Það er til nóg af orku, var sagt. Fáum fullt af álverum! Eftir á að hyggja – og eiginlega fyrir fram að hyggja líka, eins og margir bentu á – er erfitt að sjá á hvaða rökum slíkar yfirlýsingar voru byggðar, ef nokkrum. Hver var pælingin? Var fólk undir áhrifum áfengis?

Orkan er að sjálfsögðu ekki endalaus. Hún er eiginlega fremur lítil. Þar að auki hefur framleiðslan á henni í för með sér töluverðan fórnarkostnað. Leggja þarf náttúru í rúst. Tal um ógrynni orku hefur alla tíð verið einstaklega ábyrgðarlaust. Eiginlega er það rannsóknarefni í sjálfu sér, hvað var í gangi.

Nú er úr vöndu að ráða í orkumálum. Ekki verður hægt að keyra samgöngur á landi, lofti og hafi á jarðefnaeldsneyti mikið lengur. Til þess að sinna þeirri þörf þarf raforku. Íslendingar geta gert tvennt í þeirri stöðu: Framleitt hana hér eða flutt hana inn.

Nú þegar heimilin og fyrirtækin þurfa meira rafmagn, er mjög mikilvægt að spurt sé: Hefur forgangsröðunin breyst? Er ekki orkuþörf almennings enn þá númer eitt, tvö og þrjú þegar kemur að því að nýta orkuna? Ef svo er, liggur fyrir að orkan sem við framleiðum – og sátt er um að framleiða – getur ekki runnið til álvera.

Svo einfalt er það.

Vandi Vítalíu

Steinbergur Finnbogason
lögmaður

Vítalía Lazareva, sem ásamt einhvers konar kærasta sínum, hefur nú verið kærð fyrir tilraun til fjárkúgunar, er langt í frá sú eina sem glímir við freistnivandann sem skapast hefur við það að sönnunarbyrði réttarríkisins hefur verið aftengd. Það þarf nefnilega ekki meira en prívat fésbókarsíðu til þess að birta ákæru fyrir dómstóli götunnar sem á augabragði úrskurðar um sekt og sér að auki upp á eigin spýtur um refsinguna. Eins og í Vítalíumálinu margfaldast þungi fallaxarinnar ef birtingarformið er þar til gerður hlaðvarpsþáttur blaðamanns við Stundina. Sá spjallþáttur hefur reyndar ekkert að gera með rannsóknarblaðamennsku heldur kranablaðamennsku þar sem hægt er að láta móðan másа um satt eða logið og láta svo aðra fjölmiðla endurtaka málflutninginn í öllum helstu fréttatímum sínum.

Í tilfelli mögulegra kynferðisafbrota er þetta sérlega auðvelt þar sem fyrrnefndur dómstóll götunnar hefur ákveðið að þolendum skuli einfaldlega alltaf trúað. Hin hliðin á þeim bjánalega peningi er þá líka sú að meintum gerendum, sem mögulega reyna að bera hönd fyrir höfuð sér, skuli aldrei trúað. Það er ótrúlegur fáránleiki á okkar upplýstu tímum og í okkar siðmenntaða samfélagi, sem almennt viðurkennir að enginn maður geti verið svo sekur að hann eigi sér ekki einhverjar málsbætur. Þess vegna eigi hann rétt á hlutlægri rannsókn fagaðila, bestu mögulegu málsvörn og vel ígrunduðum dómi færustu manna. Og nú skal áréttað á tímum hins öfgafulla og óþolinmóða réttrúnaðar að konur eru líka menn.

Við höfum séð það í Vítalíumálinu að aftakan í máli „þriggja miðaldra karlmanna“ eins og Ríkisútvarpið kaus að kalla fórnarlömb Vítalíu í fréttum sínum fyrr í vikunni fór fram á augabragði. Til þessa hefur enginn hinna sakfelldu átt sér viðreisnar von. Enn þá síður gátu þeir áfrýjað úrskurði þessa miskunnarlausa dómstóls eða beðið um endurupptöku málsins. Múgurinn úrskurðar í eitt skipti fyrir öll og snýr sér svo að næstu ofsóknum.

Gögn virðast hins vegar sýna fram á það með óyggjandi hætti, a.m.k. ef marka má umfjöllun í fjölmiðlum sem staðfest hefur verið af lögmönnum, að þungamiðja Vítalíumálsins snúist um tilraun til stærstu fjárkúgunar Íslandssögunnar. Á milli línanna má jafnvel lesa, eða að minnsta kosti ímynda sér, að núverandi eða a.m.k. fyrrverandi kærustuparið, sem nú hefur verið kært fyrir fjárkúgun, hafi mögulega hannað atburðarásina, eða a.m.k. frá byrjun reynt að nýta hana í samstarfi um fébætur. Væntanlega var markmiðið þá að skipta hagnaðinum eða njóta hans saman.

Vald alþýðudómstólsins sem vinnur ávallt á huglægum nótum en aldrei á hlutlægum býr til lúmskan freistnivanda. Meira að segja samtök á borð við Stígamót eru tilbúin til þess, eins og dæmin sanna, að taka við fébótum, eða ættum við að segja mútum eða kúgunarfé, fyrir meint, en ósönnuð, kynferðisbrot. Það var reyndar merkilegt að heyra fyrr í vikunni einhliða spjall við talskonu Stígamóta í kjölfar fjárkúgunarfréttanna. Nánast ekkert var minnst á þetta stærsta fjárkúgunarmál Íslandssögunnar heldur spjallað um málið út frá reynsluheimi „þolendanna“. Ekki var heldur snert á vangaveltum um það hver eða hverjir væru mögulega hinir raunverulegu þolendur í þessu tiltekna máli. Kannski leyfir andrúmsloft réttrúnaðarins, sem sérstaklega er hafður í hávegum hjá Ríkisútvarpinu, ekki að „þrír miðaldra karlmenn“, og að auki

> Lögmál frumskógarins, villta vestursins og víkingatímans eru auðvitað í meira lagi viðsjárverð.

þjóðþekktir og í góðum álnum, geti verið hinir raunverulegu þolendur uppgloginna saka.

Ég veit auðvitað að skyndiaftökur almannarómsins eru ekki sérískenskt fyrirbæri. Samt má velta því fyrir sér hvort ástandið sé óvenjuslæmt hér á landi vegna smæðar samfélagsins annars vegar og hins vegar vegna þess að gamla víkingablóðið renni okkur enn í æðum. Á blómaskeiði víkinganna þurfti heldur ekkert að kæra eða dæma. Ef einn var drepinn hér var annar drepinn þar til að jafna leikinn. Ef á þurfti að halda var bókhaldið svo stemmt af með nokkrum rollum eða silfurpeningum.

Lögmál frumskógarins, villta vestursins og víkingatímans eru auðvitað í meira lagi viðsjárverð. Slaufunarmenning samfélagsmiðlanna er grein af sama meiði sem grínistinn Rowan Atkinson kallaði á sínum tíma „stafrænan samnefnara miðaldaskríls sem gengi um götur í leit að einhverjum til að brenna“. Og þessi orð hans voru ekki sögð í gríni heldur fúlustu alvöru.

Ef til vill gjöldum við öll innst inni varhug við þessum lögmálum á vissan hátt en sum okkar eru því miður reiðubúin til þess að setja kíkinn fyrir blinda augað á grundvelli þess að nauðsyn brjóti lög. Þegar lögin sjálf í orðsins fyllstu merkingu eru annars vegar getum við hins vegar ekki gefið neinn afslátt. Sönnunarbyrðin er grundvallaratriði í réttarríkinu enda betra að tíu sekir gangi lausir en að einn saklaus sé sviptur frelsi sínu og jafnvel lífi. ■

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.

frettabladid.is

Skannaðu kóðann

Merkisatburðir

1875 Alþingi tók til starfa sem löggjafarþing samkvæmt nýrri stjórnarskrá. **Jón Sigurðsson** var forseti neðri deildar og sameinaðs þings, en Pétur Pétursson var forseti efri deildar.
1881 Alþingi kom saman í fyrsta sinn í Alþingishúsinu við Austurvöll. Hornsteinn hússins var lagður rúmu ári áður.
1916 Orrustan við Somme hófst í Frakklandi.
1926 **Landhelgisgæsla Íslands** var stofnuð.
1928 Líflátshegning var afnumin á Íslandi, en henni hafði ekki verið beitt í nær heila öld.
1941 Bandaríkin tóku upp stjórnmálasamband við Ísland, fyrst allra ríkja. Með þessu viðurkenndu þau í raun sjálfstæði landsins rúmum þremur árum fyrir lýðveldisstofnunina.
1958 Bílprófsaldur lækkaði úr 18 árum í 17 ár.
1991 Varsjárbandalagið var formlega leyst upp.
1997 Ný lögreglulög tóku gildi á Íslandi og embætti Ríkislögreglustjóra var búið til.
2000 Eyrarsundsbrúin milli Danmerkur og Svíþjóðar var opnuð.
2004 Horst Köhler tók við embætti forseta Þýskalands af Johannesi Rau
2007 Reykingabann tók gildi á vinnustöðum og almannafæri í Englandi
2008 Tækniskólinn var stofnaður í Reykjavík með Sameiningu Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík
2013 Samgöngustofa tók formlega til starfa

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjalti Skaftason

bifreiðastjóri
Drekavellir 26,

lést á deild 12E Landspítalans 27. júní síðastliðinn. Innilegar þakkir fyrir góða umönnun á erfiðri stundu. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. júlí kl 13:00.

Guðlaugur Örn Hjaltason **Hjördís Pálmarsdóttir**
Óskar Þór Hjaltason **Jónína Helgadóttir**
Valdimar Núma Hjaltason
Pálína Ósk Hjaltadóttir **Heiðar Kristinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Skarphéðinn Jónas Olgeirsson

Laugarbrekku 13, Húsavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 24. júní. Útför fer fram frá Húsavíkurkirkju mánudaginn 4. júlí klukkan 14.

Kristjana Vilborg Ketilsdóttir
Karólína Skarphéðinsdóttir **Sigmar Stefánsson**
Róbert Ragnar Skarphéðinsson **Ágústa Pálsdóttir**
Katla Sóley Skarphéðinsdóttir **Kenneth Froholdt**
Jóna Rún Skarphéðinsdóttir
og afabörnin.

Díana var natin og umhyggjusöm móðir og tók móðurhlutverkinu mjög alvarlega. Hún valdi sjálf fyrstu nöfn þeirra beggja, valdi skólana sem þeir sóttu, klæðnað þeirra og fór með þá í skólann eins oft og hún gat.

MYND/GETTY

Afmælisdagur Díönu prinsessu

Í dag hefði Lafði Díana Frances Spencer, betur þekkt sem Díana prinsessa, orðið 61 árs.

erlamaria@frettabladid.is

Díana fæddist í Sandringham á Englandi og er fjórða barn af fimm og yngsta dóttir þeirra Edwards John Spencer og fyrri eiginkonu hans, Frances Spencer, greifynjunnar af Althrop. Lengi vel var faðir Díönu persónulegur aðstoðarmaður Georgs VI konungs.

Kallaði drottninguna „Lilibet frænku“
Foreldrar Díönu skildu árið 1969, en tveimur árum áður yfirgaf móðir hennar fjölskylduna og hljópst á brott með forríkum manni að nafni Peter Shand Kydd. Í kjölfarið fékk faðir Díönu forræði yfir þeim systkinum. Díana ólst upp í Park House, sem er næsta hús við Elísabetu II, drottningu Bretlands, og fjölskyldu hennar, en allt frá barnsaldri kallaði Díana drottninguna „Lilibet frænku“.

Árið 1976 giftist faðir hennar greifynjunni af Dartmouth, en samband Díönu við stjúpmóður sína var sérstaklega slæmt. Síðar lýsti Díana bernsku sinni sem „óstöðugri“ og að hún hafi verið „mjög óhamingjusöm“. Hún fékk nafnbótina Lafði Díana þegar faðir hennar erfði titilinn Jarlinn af Spencer árið 1975.

Trúlofuðust eftir einungis sex mánaða tilhugalíf
Díana hneigðist ekki til langskólanáms en var hæfileikarík á öðrum sviðum, meðal annars í dansi, tónlist og íþróttum. Árið 1978 flutti hún til Lundúna þar sem hún bjó með vinum og vann ýmis störf, meðal annars sem ráðskona, dagmóðir og aðstoðarmaður leikskólakennara.

Enn í dag er Díönu minnst með hlýhug, sem hin eina sanna prinsessa fólksins.

Díana hitti fyrst Karl, prinsinn af Wales, árið 1977 þegar hún var 16 ára gömul og hann var 29 ára. Það var þó ekki fyrr en sumarið 1980 sem Karl fór fyrst að gefa Díönu gaum og í febrúar 1981, eftir einungis sex mánaða tilhugalíf, bað Karl Díönu. Trúlofuninni var þó haldið leyndri í tvær og hálfa viku.

Þann 29. júlí 1981 fór brúðkaup þeirra Karls og Díönu fram við mikla viðhöfn sem fjölmiðlar kölluðu „ævintýrabrúðkaup“ og „brúðkaup aldarinnar“ og í kjölfarið hlaut hún titilinn Prinsessan af Wales. Díana markaði þáttaskil innan konungsfjölskyldunnar þar sem hún var fyrsti breski ríkisborgarinn til að giftast erfingja bresku krúnunnar í nærri 300 ár.

Stormasamt hjónaband
Díana og Karl eignuðust tvo syni, þá Vilhjálm árið 1982 og Harry árið 1984. Díana tók móðurhlutverkið mjög alvarlega og var umhyggjusöm, nærgætin og natin við syni sína. Hún valdi nöfn þeirra beggja sjálf, vildi ekki konunglega barnfóstru heldur valdi hana sjálf, valdi skólana sem þeir sóttu sem og klæðnað þeirra og fór með þá í skólann eins oft og hún gat.

Hjónaband Karls og Díönu var stormasamt og einkenndist af miklum erfiðleikum og síðar framhjáhaldi. Þau skildu að borði og sæng árið 1992, en hjónabandið endaði formlega með lögskilnaði árið 1996.

Lét lífið á flótta frá ljósmyndurum
Þann 31. ágúst árið 1997 lenti Díana í hörmulegu bílslysi við Pont de l´Alma göngin í París sem leiddi hana til dauða, en hún ásamt vini sínum, Dodi Fayed, voru á flótta undan papparassi-ljósmyndurum. Hún hafði lengi vel verið eitt helsta viðfang slíkra ljósmyndara, þá sérstaklega eftir skilnaðinn við Karl. Hún var aðeins 36 ára gömul. Gervöll heimsbyggðin grét með sonum hennar við útförina og enn í dag er hennar minnst með hlýhug um allan heim, sem hin eina sanna prinsessa fólksins.

Arfleifð Díönu
Sem prinsessan af Wales tók Díana að sér ýmsar konunglegar skyldur og var fulltrúi drottningar í störfum víðs vegar um heim, en það var óhefðbundin nálgun hennar á góðgerðarstörfum sem vöktu athygli heimsins. Störf hennar beindust mikið að börnum og unglingum, en síðar varð hún þekkt fyrir baráttu sína gegn jarðsprengjum sem og stuðning við fólk sem þjáist af alnæmi. ■

Þetta gerðist: 1. júlí 1928

Dauðarefsing afnumin á Íslandi

Aftökur á Íslandi eiga sér sögu aftur til landnáms, en þeim fjölgaði mjög eftir siðaskiptin þegar dæmt var eftir Stóradómi. Á árunum 1596 til 1830 fóru fram 220 opinberar aftökur á Íslandi, þar sem konum var að jafnaði drekkt en karlar voru hálshöggnir.

Síðasta aftaka Íslands fór fram árið 1830. Þar höfðu Agnes Magnúsdóttir, vinnukona á Illugastöðum, og Friðrik Sigurðsson, bóndasonur frá Katadal, verið dæmd fyrir morð á tveimur mönnum árið 1828. Þau höfðu verið dæmd til dauða í héraðsdómi, Landsyfirrétti í Reykjavík og Hæstarétti í Kaupmannahöfn og síðar hálshöggvin.

Á næstu áratugum voru þó nokkrir Íslendingar dæmdir til dauða en refsing þeirra var milduð svo enginn var tekinn af lífi. Árið 1869 voru ný lög sett að danskri fyrirmynd þar sem dauðarefsing var afnumin fyrir dulsmál og

Í Drekkingarhyl á Þingvöllum var konum drekkt fyrir dulsmál og blóðskömm.

blóðskömm. Árið 1928 var dauðarefsing svo afnumin að fullu á Íslandi, tæpri öld eftir að síðasta aftakan átti sér stað. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 1. júlí 2022



Þrumuguðinn mætir stórkostlegu illmenni

Í Marvel-myndinni Thor: Love and Thunder er þrumuguðinn í leiðangri sem er ólíkur nokkru því sem hann hefur áður staðið frammi fyrir – hann er að leita að sjálfum sér, sínu innra sjálfi. En Thor fær ekki frið til þess vegna þess að Gorr – slátrari guðanna, illskeyttur raðmorðingi sem lætur til sín taka um alla vetrarbrautina, er staðráðinn í að útrýma guðunum.

Til að berjast gegn þessari ógn fær Thor til liðs við sig Valkyrie, konung Ásgarðs, Korg og fyrrverandi kærustuna, Jane Foster, sem, Thor til mikillar undrunar, beitir hamri hans, Mjölni, á óskiljanlegan hátt sem hinn máttugi Thor.

Saman leggja þau upp í alheimsævintýraför til að komast að leyndardómnum að baki hefndarþorsta slátrara guðanna og stöðva hann áður en það er um seinan.

Aðdragandi söguþráðarins er sá að Thor sest í helgan stein og fer í sjálfsleit. Flestir sem fara í sjálfsleit eru að flýja eitthvað og Thor er í raun að flýja ástina vegna þess að hans reynsla er sú að allt sem hann elskar deyr. Ómeðvitað telur hann bölvun hvíla á sér.

Eins og fyrr segir varir friðurinn ekki lengi. Gorr – slátrari guðanna herjar á guðina, drepur þá einn af öðrum og ferð hans liggur bersýnilega til Nýja Ásgarðs.

Gorr hafði verið friðsamur og guðrækinn en gengið í gegnum áföll sem umturna honum. Honum finnst guðirnir hafa svikið hann og verður heltekinn af hefndarhug. Heift hans og bræði gagntaka hann svo gersamlega að yfir hann færist forn og illur máttur og leggur upp í hefndarför sína til að losa alheiminn við guði sem passa ekki upp á mennina.

Christian Bale leikur Gorr og gerir það af slíkri snilld að meðleikarar hans voru hálfsmeykir við hann á tökustað. Tessa Thompson sem leikur Valkyrie konung lýsir því svo: „Christian sem Gorr var dáleiðandi. Hann gerir það sem Marvel-illmenni gera svo vel, sem er að illmennska þeirra stafar af sársauka frá einhverju áfalli sem þeir hafa ekki unnið úr.“

Fróðleikur

- Í leikarateymi myndarinnar eru fimm óskarsverðlaunahafar – Christian Bale, Matt Damon, Natalie Portman, Taika Waititi og Russel Crowe – tvö sem tilnefnd hafa verið – Bradley Cooper og Melissa McCarthy.
- Eftir Batman-myndina The Dark Knight Rises (2012) ætlaði Christian Bale aldrei aftur að koma fram í mynd um ofurhetjur eða sem byggð er á myndasögu. Hann heillaðist hins vegar af hæfileikum Taika Waititi og handriti hans og lét til leiðast að vera með í þessari.

Sambíóin, Laugarásbíó, Smárabíó og Háskólabíó

Frumsýnd
6. júlí 2022

Aðalhlutverk:
Chris Hemsworth, Taika Waititi (rödd), Chris Pratt, Natalie Portman, Melissa McCarthy og Christian Bale

Handrit:
Taika Waititi og Jennifer Kaytin Robinson

Leikstjórn:
Taika Waititi

12

Dýrin taka höndum saman og bjarga Súperman

Súperhundurinn Krypto og Súperman eru báðir frá plánetunni Krypton. Þeir eru óaðskiljanlegir bestu vinir, búa yfir sömu ofurkröftunum og berjast hlið við hlið gegn glæpum og glæpamönnum í Metropolis.

Í DC Ofurgæludýrabandalaginu (DC League of Super Pets) er Súperman rænt og Krypto situr sannarlega ekki aðgerðalaus. Hann skipuleggur björgunarleiðangur til að bjarga sínum besta vini.

Vitanlega er það hinn illræmdi Lex Luthor sem stendur að baki ráninu á Súperman og þá dugar ekkert annað en að safna liði.

Krypto safnar saman dýrum úr dýraathvarfi sem eiga það sameiginlegt að hafa hlotnast ofurkraftar.

Hundurinn Ace hefur ofurkrafta, svínið PB er gætt þeim eiginleikum að geta vaxið ótrúlega á einni svipstundu og orðið alveg hrikalega stórt.

Svo er það Merton, skjaldbakan, sem er snögg eins og elding, og rafmagnaði íkorninn Chip.

Dýrin eru ekki alveg búin að átta sig á því hve hrikaleg ofurdýr þau eru og þurfa því aðeins að slípa til færni sína í að beita ofurkröftum sínum.

Ýmsir gamalkunnir vinir úr myndasöguheimi DC koma við sögu. Batman mætir á svæðið og sömuleiðis Green Lantern.

Í ensku útgáfunni er það Wayne Johnson sem talar fyrir Krypto, John Krasinski úr the Office talar fyrir Súperman og Keanu Reeves er rödd Batmans.

Myndin er talsett á íslensku og ekki er íslenski hópurinn síðri en sá sem mælir á enska tungu og ánægjulegt er að sjá þann metnað sem settur er í að gera myndina sem best úr garði fyrir áhorfendur sem njóta hennar á íslensku.

Hér hefur orðið mikil og ánægjuleg þróun á undanförnum árum og eiga kvikmyndahúsin og rétthafar heiður skilinn fyrir að tryggja vandaða vöru á íslenskan markað.

Tugir íslenskra leikara koma við sögu, auk þess sem mikið er lagt í þýðingu texta, íslenska leikstjórn og gæði hljóðsetningar, en upptökur fóru fram í Stúdíó Sýrlandi.

Fróðleikur

- Ef undan er skilið svínið PB eru allar persónur DC Ofurgæludýrabandalagsins byggðar á persónum úr teiknimyndasögum DC.
- Þetta er önnur myndin sem framleidd er í samstarfi Warner Animation Group Film og DC. Sú fyrsta var The Lego Batman Movie.
- Í myndasögunum er Merton venjulega karlkyns en í þessari mynd hefur persónan verið kvengerð.

Sambíóin, Laugarásbíó, Smárabíó og Háskólabíó

Frumsýnd
27. júlí 2022

Aðalhlutverk:
Orri Huginn Ágústsson, Hjálmar Hjálmarsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Hanna María Karlsdóttir, Arnar Dan Kristjánsson, Dominique Gyða Sigrúnardóttir, Hannes Óli Ágústsson og Valdimar Örn Flygenring

Handrit:
Jared Stern og John Whittington

Leikstjórn:
Jared Stern og Sam Levine

6

Ný sending komin á Lancôme útsölustaði

Frímínútur

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

Bullseye í Austurbæ
Snorrabraut 37

Í höfuðborg Íslands má finna stærsta pílustað í heimi. Það er ljóst að gosdrykkjumetið er ekki lengur það eina sem við getum stært okkur af.

Hvað?
Í gamla bíósalnum og Silfurtunglinu í Austurbæ, þar sem stórstjörnurnar í Kinks og okkar einu sönnu Ellý og Villi sungu forðum, er nú hægt að kasta á spjald með félögunum eða fjölskyldunni og fá sér að borða í leiðinni.

Fyrir hvern?
Pílan er þeim kosti gædd að vera einstaklega aðgengileg hópíþrótt. Það er gott að muna að taka gleraugun með sér og stærri skammt af góða skapinu en keppnisskapinu. Þeir sem eru lélegir í reikningi þurfa ekki að örvænta þar sem spjaldið telur stigin fyrir þig!

Verð:
50 mínútur kosta 750 krónur á mann í fjögurra manna hópi. ■

Matarkjallarinn,
Aðalstræti 2

Minnir þjónninn þig á vínkaupmanninn í Hollywoodmyndinni Morbius? Það er ekki skrýtið enda er hér sami maður á ferð.

Hvað?
Grill og kokteilbar í kjallaranum á 160 ára gömlu húsi. Lifandi tónlist ómar um staðinn á milli 19 og 22, þegar pianisti leikur óskalög á undurfagran nítjándu-aldar flygil. Gamli hafnargarðurinn nýtur sín í innréttingunni og andrúmsloftið er fágað og hlýlegt.

Fyrir hvern?
Stórafmæli, útskriftir og brúðkaupsafmæli eru frábær tilefni til að klæða sig í spariskó og láta dekra við sig á Matarkjallaranum. Í hádeginu eru framúrskarandi fiskiréttir í boði í rólegu umhverfi sem hentar vel undir stefnumót í hádeginu eða gott trúnó.

Verð:
Aðalréttir í hádeginu kosta í kringum þrjú þúsund krónur, sex rétta matarferðalag á kvöldseðli er 11.400 á mann. ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

4. júlí.
Mánudagur

■ **Harpa,**
Hringátta/Circuleight í K2 11.00–18.00 alla daga
Hringátta í Hörpu er gagnvirk upplifunarsýning fyrir alla fjölskylduna sem sækir innblástur í hraun, berg, vatn, gróður, þörunga og örverur undir tónlist Högna Egilssonar.

■ **Harpa,**
Banda de Música Vile de Falset – 12:00
Lúðrasveitin Banda de Música Vile de Falset ásamt dönsurum frá Katalóníu. Frítt inn.

5. júlí.
Þriðjudagur

■ **Norræna húsið,**
Búferlaflutningar nú og fyrrum – 20.00
Tónleikar þar sem skoski hörpuleikarinn Ruth Wall flytur þjóðlög og nýja tónlist. Á efnisskrá eru þjóðlög frá skosku hálöndunum og Wales og Íran. Nýleg verk eftir Philip Glass, Steve Reich, Snorra Sigfús Birgisson, Graham Fitkin og John Cage.

■ **Harpa, Eldborg**
Kyiv Soloists fyrir friði – 19.30
Úkraínska kammersveitin Kyiv Soloists samanstendur af úkraínsku tónlistarfólki sem hefur sigrað úkraínskar og alþjóðlegar tónlistarkeppnir.

6. júlí.
Miðvikudagur

■ **Siglufjörður,**
þjóðlagahátíð 6.–10. júlí
Þjóðlagahátíð hefst á Siglufirði í 22. skiptið, og stendur til 10. júlí. Um er að ræða fimm daga tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna þar sem þjóðlagaarfur ólíkra þjóða og þjóðarbrota er settur í fókus. Hátíðin samanstendur af tónleikahaldi auk námskeiða í tónlist og handverki.

■ **Harpa, Eldborg**
Marcus Miller - Eldborg í Hörpu - 20:00
Nútímadjassarinn og Grammy-verðlaunahafinn Marcus Miller slær upp tónleikum í Eldborg.

7. júlí.
Fimmtudagur

■ **Bæjarbíó,**
Björgvin Halldórsson – 20.00
Björgvin Halldórsson opnar tónlistar- og bæjarlistahátíðina Hjarta Hafnarfjarðar og er eini listamaðurinn sem hefur komið fram á hátíðinni á hverju ári frá stofnun.

■ **Gamla Bíó,**
Gyða Valtýsdóttir – 21.00
Meðstofnandi Múm, sellistinn Gyða Valtýsdóttir, slær upp sínum fyrstu tónleikum á Íslandi í tvö ár og fagnar útgáfu nýjustu breiðskífu sinnar Ox. ■

■ **Uppskriftin**

Rabarbarinn er snilld í rigningu og sól

Á íslensku sumri er gott að gæða sér á ljúffengu rabarbarapæi úr garðinum og það er auðvelt fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina að taka þátt, velja rabarbarann, hreinsa hann og baka.

Hægt er að skipta út smjörinu fyrir vegan valkost á borð við möndluolíu og ekki er verra að blanda hálfum bolla af jarðarberjum í bökuna og jafnvel súkkulaði í grófum bitum.

Rabarbarasæla
fyrir 4-6

- 600 g rabarbarastilkar
- 100 g sykur
- 1 tsk. kanill
- Möndluflögur
- 60 g sykur
- 60 g púðursykur
- 160 g hveiti
- 100 g smjör
- 4 msk. sykur fyrir suðu

Þvoið rabarbarann og skerið hann í 3 cm bita. Sjóðið með sykri undir loki í 7 mínútur. Setjið bitana í eldfast mót. Hakkið hneturnar í matvinnsluvél og blandið í skál með sykri og hveiti. Bætið mjúku smjöri við blönduna og hrærið allt saman. Stráið næst blöndunni yfir rabarbarann og bakið í hálftíma við 180 °C. ■

■ **Netfyrirbærið**

Stóra kexmálið

„Ég er ekkert í kexi," segir Guðmundur Emil Jóhannsson einkaþjálfari, betur þekktur sem Gummi Emil.

TikTok-ið hans, þar sem hann sýnir frá verslunarleiðangri sínum, hefur slegið rækilega í gegn og er netfyrirbæri vikunnar.

Íslendingar hafa birt myndbönd af sér að borða kex og snakk og nýtt sér raddbúta frá Gumma þar sem hann virðist skamma þá fyrir að borða rusl. Nokkrir hrækja kexinu út úr sér skömmustulegir á svip en aðrir horfa vígreifir í myndavélina og troða upp í sig bakkelsinu.

Gummi Emil segist ánægður með að fólk sé að hugsa um mataræðið, enda skipti það miklu fyrir orkuna í vinnu og hreyfingu. Hann segist borða allt, pitsur, hamborgara og meira að segja nammi, bara í réttum hlutföllum.

„Ég borða allt en ekki of mikið af þessu góða. Mér finnst fínt að hafa 90 prósent óunninn mat og kannski 10 prósent rusl."

Hægt er að búast við áframhaldandi rugli á TikTok-inu hjá Gumma Emil eins og hann orðar það. ■

Mælir með að mæta á mótið í bestu lopapeysunni

„A-úrslitin í tölti eru ómissandi," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um hennar eftirlætis viðburð á Landsmóti hestamanna.

Áslaug Arna hefur haft hina ýmsu hatta á Landsmóti. Hún hefur verið keppandi, starfsmaður hrossaræktarbús, blaðamaður fyrir hönd Morgunblaðsins og lögreglubjónn þegar Landsmótið var á Hellu. Sömuleiðis hefur hún í tvígang leitt hópreiðina á hestbaki.

„Ég var ágæt," segir Áslaug aðspurð hvernig henni hafi gengið á mótunum. Hún keppti fyrst árið 2002, þá að verða tólf ára gömul, en hefur sótt hátíðina reglulega frá því að hún var barn.

„Ég komst aldrei í úrslit á Landsmóti en ég var nálægt því þegar ég komst upp í milliriðil. Ég á ekki Landsmótatitil en ég á Suðurlandsmeistaratitil og nokkra aðra minni titla."

Frá upphafi hefur Landsmót hestamanna verið einn stærsti íþróttaviðburður landsins. Keppt er í stórum greinum, íslenskir hrossaeigendur mæta til að sýna sína frægustu fola og erlent áhugafólk mætir til að dást að íslenska hestinum.

> Ég á ekki Landsmótatitil en ég á Suðurlandsmeistaratitil og nokkra aðra minni titla

Ráðherrann segir að skemmtilegast sé að sjá hvort þekktu hestarnir verji titla sína. „Í gamla daga var rosa sport að sjá Orra frá Þúfu, langfrægasta stóðhestinn. Þá var alltaf mikil eftirvænting að sjá hann koma fram með afkvæmum sínum. Margir þekktir hestar í dag eiga ættir að rekja til hans."

Hún segir A-úrslitin í tölti vera ómissandi viðburð. Hún mælir með að gestir mæti í bestu lopapeysunni. „Það er að kvöldi til, alltaf mikil stemning í brekkunni og þar sér maður bestu töltara landsins."

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir keppti fyrst á Landsmóti hestamanna árið 2002, þá 11 ára að aldri. MYND/AÐSEND

Aðspurð segist hún vonast til að geta kíkt á hátíðina. „Ég mun því miður ekki geta verið eins mikið og ég hefði viljað."

Landsmót hestamanna fer fram á Hellu 3. til 10. júlí. ■

Hvað er að gerast núna um helgina?

1. júlí Föstudagur



Mengi

Hinir látnu líka við hluti á Facebook - 21:30

Á Facebook eru 2,2 milljarða notenda en af þeim eru rúmlega 30 milljónir látnir. Hinn kanadíski Chris Dupois hjá leikfélaginu RTC flytur fyrirlestur um látið fólk á Facebook sem nefnist Dead people are liking things on Facebook. Um er að ræða leiksýningu í fyrirlestraformi. Chris uppgötvaði einn daginn að vinur hans, sem hafði verið látinn í sex ár, hafði lækað við auglýsingu hjá Coca Cola á Facebook. Hann byrjaði að rannsaka málið og hrapaði niður kanínuholu hinna látnu á samfélagmiðlum. Verkið fer fram á ensku og er hluti af Reykjavík Fringe sem stendur yfir til 3. júlí.

Búðardalur

Heim í Búðardal – alla helgina

Stjórnin með Siggu Beinteins og Grétar Örvarsson í fararbroddi skemmta gestum á bæjarhátíðinni Heim í Búðardal, ásamt Herra Hnetusmjöri. Vestfjarðavíkingurinn verður á sínum stað við Vínlandssetrið með uxagöngu og bóndagöngu. Íþróttafélagið Undri verður með keppni í undarlegum íþróttagreinum í dalnum. Slökkviliðið verður með froðurennibraut. Atli og Bjarni, leiðsögumenn og bardagakappar frá Eiríksstöðum, kenna bardagatækni miðalda. Þá mun Sóli Hólm kitla hláturtaugar viðstaddra með uppistandi. Dalamaður ársins 2022 verður útnefndur. Leiksmiðja fyrir börnin og loftboltar á íþróttavellinum. Fjöldi annarra dagskrárliða í boði og enginn ætti að láta sér leiðast í Búðardal. ■

2. júlí Laugardagur

Skuggabaldur

Los Bomboneros – 21:00

Los Bomboneros er skipuð söngkonunni og bassaleikaranum Alexöndru Kjeld, Daníel Helgasyni á tresgítar, Kristofer Rodriguez Svönusyni slagverksleikara og Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur sem leikur á fiðlu og básúnu. Fyrsta plata sveitarinnar með tónsmíðum Daníels Helgasonar er væntanleg á næstu mánuðum.

Básar i Goðalandi

GÓSS í Þórsmörk – 20:00

Ljúfustu tónar landsins óma um Þórsmörk þegar GÓSS meðlimir, þau Guðmundur Óskar, Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson flytja tónlist í sumarkyrrðinni í einni fegurstu náttúruperlu Íslands. Tónleikarnir fara fram á pallinum við stóra skólann að Básum. Tónleikarnir eru opnir öllum, en frjáls framlög til listamannanna eru vel þegin, auk þess sem nýjasta plata sveitarinnar, Góssentíð, verður til sölu.

Þingeyri

Víkingahátíð – alla helgina

Á Þingeyri verður slegið upp árlegri víkingahátíð. Hátíðin þykir sérlega fjölskylduvæn og ekki skemmir fyrir að frítt er inn á hátíðarsvæðið, sem klætt verður í hátíðarbúning. Víkingar mæta gestum í veglegum víkingaklæðnaði og sýna handverk sem verður í aðalhlutverki á hátíðinni. Þá verður eldsmiðja á staðnum. Félagar úr víkingafélaginu Rimmugýg eru sérlegir gestir hátíðarinnar. ■

3. júlí Sunnudagur

Gaukurinn

Primitive man - 20:00

Bandaríska þungarokkssveitin Primitive man gleður íslenska rokksenu með tónleikum. Sveitin er þekkt fyrir að blanda saman stefnum innan þungarokksins, á borð við dómsdagsrokki, svartmálmi, hörðum kjarna og dauðarokki. Sveitin er nýkomin frá Danmörku þar sem hún hélt tónleika á Hróarskelduhátíðinni. Auk Primitive man koma fram sveitirnar ROHT og Kvelja.

Hella

Landsmót hestamanna 3.–10. júlí

Landsmót hestamanna er einn stærsti íþróttaviðburður landsins. Landsmótið er ekki síður fjölskylduhátíð en hefur legið niðri frá árinu 2018. Eftirvænting meðal íslenskra knapa er því í fordæmalausum hámæli. Þetta er tuttugasta og fjórða landsmótið frá upphafi, þegar fyrsta landsmótið var haldið á Þingvöllum. Rangárbakkar duna af hófaslætti, færustu knapar landsins etja kappi á bestu hestunum. Auk þess er boðið er upp á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa. ■

Írskir dagar

Akranesi

Það er engin lygi að Írskir dagar á Akranesi bjóði upp á fjölbreytta dagskrá þetta árið. Karnival, sveitaball, skartgripasýningar og barnaleikrit í bland við línugöngu, sundlaugarpartí fyrir unglinga og golfmót.

Hvað?

Bæjarhátíð Skagamanna með þéttri dagskrá alla helgina í bland við árlega fasta liði á borð við keppnina um rauðhærðasta Íslendinginn, best skreyttu götuna, brekkusönginn og lopapeysuballið.

Fyrir hvern?

Hátíðin er upplagt tækifæri fyrir lopapeysuklædda borgarbúa til að gera sér dagsferð eða taka tjaldið með og dvelja alla helgina á fjölskylduvænu tjaldstæðinu. Og að sjálfsögðu takið þið írsku vini ykkar með. Sult a bhaint as! ■

Skrítna staðreynd vikunar

30.000.000

skráðra notenda á Facebook eru látnir.

Frískandi og góð sumarsalöt

Það þarf ekki alltaf að vera mikið meðlæti með grillmatnum. Stundum er einfaldleikinn bestur. Gott, sumarlegt salat passar mjög vel með steik eða kjúklingi og svo er gott að hafa kalda sósu með.

elin@frettabladid.is

Salat getur verið margs konar. Salat með ávöxtum er sérstaklega gott á sumrin á góðviðrisdögum. Það er frískandi og bragðgott. Hér eru uppskriftir að nokkrum salötum sem henta vel með grillmat.

Mangó hentar einstaklega vel í salat og passar vel með flestum grillmat. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Salat með mangó

Litríkt en einfalt sumarsalat með mangó, chili-pipar, límónu og kóríander hentar vel með grilluðum laxi, kjúklingi eða marineruðum lambakótilettum. Uppskriftin miðast við fjóra.

- 2 þroskaðir mangó
- ½ rauðlaukur
- 1 rauður chili-pipar
- ½ poki klettasalat
- 1 límóna
- ½ búnt ferskt kóríander
- ½ búnt fersk minta

Skrælið mangóinn og skerið í bita. Skerið rauðlaukinn í þunnar sneiðar og fínhakkið chili.

Setjið klettasalat, mangó, rauðlauk og chili í skáp og kreistið límónusafa yfir. Dreifið kryddjurtum yfir.

Sumarsalat með vatnsmelónu

Ferskt, sætt og djúsí salat sem hentar eitt og sér í hádeginu eða sem meðlæti með hvers lags grilluðu kjöti. Uppskriftin miðast við sex.

- 800 g vatnsmelóna
- 1 rauðlaukur
- 1 agúrka
- 10 kirsuberjatómatar
- ½ búnt fersk minta
- ½ búnt ferkst kóríander
- 1 sítróna
- 1 msk. fljótandi hunang
- Fetaostur að vild

Skerið vatnsmelónuna í bita og fjarlægið fræ, setjið í skál. Skerið rauðlaukinn smátt. Skrælið agúrkuna og skerið í helminga eftir endilöngu. Skrapið úr kjarnann með teskeið og skerið í bita. Skerið tómatana í tvennt og setjið allt saman með melónubitunum.

Gríska salat er hægt að borða eitt og sér eða hafa sem meðlæti með grillmat.

Skerið mintu og kóríander smátt og bætið við í skálina. Kreistið sítrónusafa og dreifið hunangi yfir og hrærið. Ágætt að bragðbæta aðeins með salti og pipar.

Skerið fetaost smátt og sáldrið yfir salatið. Best er að borða þetta salat strax.

Grískt salat

Alltaf gott salat og passar einstaklega vel eitt og sér með góðu brauði og tzatziki sósu. Salatið er líka mjög gott með grillmatnum. Uppskriftin miðast við fjóra.

- 3 tómatar
- 8 kirsuberjatómatar (má sleppa)
- ½ rauðlaukur
- 1 agúrka
- 1 krukka kalamataólífur
- 2 msk. ólífuolía
- 1 msk. þurrkað óreganó
- 1 haus jöklasalat eða annað eftir smekk
- 1 sneið grískur fetaostur (150 g)
- 3 dl tzatziki sósa

Skerið tómatana í bita og kirsuberjatómata í tvennt. Skerið laukinn í þunnar sneiðar. Setjið í skál.

Skrælið agúrku að mestu, deilið henni í tvo parta, takið fræin frá með skeið. Skerið í bita og setjið saman við tómatana og laukinn. Setjið olíu út í ásamt óreganó. Blandið saman og látið standa í nokkrar mínútur.

Þvoið salatið, skerið í gróf bita og setjið á stórt fat. Setjið tómat- og agúrkublönduna yfir. Lokst er fetaostabitum stráð yfir. Ágætt er að dreifa nýmöluðum pipar yfir.

Vatnsmelóna og fetaostur fara einstaklega vel saman, líkt og tómatur og mozzarella.

Zaziki sósa hentar vel með grísku salati en mikið borðað í Grikklandi með mat.

Tzatziki sósa

Þessi sósa er mikið notuð í Grikklandi og í Tyrklandi. Það er hægt að kaupa hana tilbúna en meira gaman að gera hana sjálfur. Það má skipta út jógúrt fyrir sýrðan rjóma ef fólk kýs svo.

- 3 dl grísk jógúrt
- 1½ agúrka
- ½ tsk. salt
- 2 stór hvítlauksrif
- ½ tsk. pipar

Rífið agúrku í rifjárni og dreifið salti yfir hana. Látið standa í 5-10 mínútur en setjið þá í viskastykki og vindið þannig að vökvinn síist frá. Blandið saman við jógúrt og pressaðan hvítlauk. Bragðbætið með nýmöluðum pipar. ■

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Stingum af...

AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Toyota Yaris Active 1/2018. Ekinn 86 þús. km. Ódýrast og minnst ekni sjálfskipti Yaris bíllinn á markaðinum í dag. Verð: 1.980.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

MAH ehf

ÖLL ALMENN GARÐVINNA
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, hellulagnir og háþrýstiþvott. Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Making our world more productive

Linde

AGA
GAS
ALLS STAÐAR

Smellt eða skrúfað?
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI FYRIR AGA GAS Á GAS.IS

Athugið að slanga og annar gasbúnaður leki ekki | Látið hylkið standa upprétt
Varist að setja hylkið undir grill | Skrúfið fyrir gasið á hylkinu strax eftir notkun
Notið viðeigandi þrýstijafnara | Athugið að propangas er afar eldfimt

Linde Gas | Breiðhöfða 11 | Reykjavík | 577 3000

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
19.00 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni
19.30 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni
20.30 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni
21.00 Bærinn minn (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Sumarlandabrot
13.15 Útsvar 2012-2013 Kópavogur - Snæfellsbær
14.10 Hrefna Sætran grillar Fuglakjöt
14.35 Út og suður
15.00 90 á stöðinni
15.20 Hið sæta sumarlíf
15.50 Með okkar augum
16.25 Úti Landvættir
16.55 Stiklur Út til hafs og upp á jökul
17.30 Tónstofan Signý Sæmundsdóttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ósagða sagan
18.30 Sögur - Stuttmyndir Töfrapúslið
18.38 Sögur - stuttmyndir Vinabönd
18.47 Ragga Rix - Mætt til leiks
18.50 Lag dagsins Matthildur - Ásta Sigurðardóttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.50 Förum á EM EM kvenna í fótbolta fer fram á Englandi í júlí og þar verður íslenska landsliðið - stelpurnar okkar. Í þáttunum hita hraðfréttadrengirnir Benedikt og Fannar upp fyrir mótið.
20.20 Dýrin mín stór og smá All Creatures Great And Small Bresk þáttaröð um dýralæknastofu í Yorkshire á fjórða áratugnum.
21.10 Stöðuuppfærsla Status Update
22.55 Barnaby ræður gátunaMidsomer Murders
00.25 Flateyjargátan Lögreglumaðurinn Brynjar kafar dýpra í morðmálið og hefur sett á farbann í Flatey. Jóhanna reynir örvæntingarfull að fela tilvist sonar síns.
01.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Bachelor in Paradise
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Unicorn
19.40 Black-ish
20.10 The Truman Show
21.50 Airplane!
23.20 Love Island (19.58)
00.05 Love Island (20.58)
00.50 The Gift The Gift er spennutryllir um hjónin Simon og Robyn sem flytja inn í nýtt hús í nýju hverfi. Ekki líður á löngu uns Simon rekst á fyrrverandi skólafélaga sinn Gordo, sem í kjölfarið byrjar að heimsækja hjónin ótt og títt og færa þeim gjafir. En Gordo býr yfir leyndarmáli og þegar Simon fær nóg af honum og biður hann að hætta að heimsækja þau kallar hann yfir sig skelfilega martröð sem getur ekki endað öðruvísi en illa.
02.30 The Fifth Estate
04.35 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Supernanny
10.00 Shipwrecked
10.50 Hvar er best að búa ?
11.25 10 Years Younger in 10 Days
12.10 It's Always Sunny in Philadelphia
12.35 Nágrannar
12.55 The Great British Bake Off
13.50 Bump
14.20 First Dates Hotel
15.10 The Dog House
15.55 Making It
16.40 Real Time With Bill Maher
17.40 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Britain's Got Talent
20.20 Sand Collar Cove
21.40 The Nest
23.25 Sorry for Your Loss
23.55 The Jesus Rolls Rómantísk gamanmynd með frábærum leikurum frá 2019.
01.15 Line of Duty Spennutryllir frá 2019.
02.55 The Mentalist
03.35 Bump

Farið yfir fréttir vikunnar á Fréttavaktinni

Fréttavaktin er á sínum stað á Hringbraut í kvöld klukkan 18.30 eins og alla virka daga, en á föstudögum er þátturinn með öðru sniði en vanalega, en þá fá þáttastjórnendur til sín valinkunna álitsgjafa til að ræða helstu fréttamál líðandi stundar af hispursleysi. Og það verður engin breyting á þessu í kvöld og er að vænta líflegrar umræðu í myndveri eins og fyrri föstudaginn.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 dvöl
5 reglur
6 í röð
8 ríki í afríku
10 tveir eins
11 grasey
12 vangi
13 rándýr
15 kvk nafn
17 löður

LÓÐRÉTT
1 föruneyti
2 verkfæri
3 deilur
4 andin
7 tabú
9 smána
12 urgur
14 aftra
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 stans, 5 lög, 6 áb, 8 angóla, 10 gg, 11 vin, 12 klinn, 13 otur, 15 gerður, 17 fraud.
LÓÐRÉTT: 1 slagtog, 2 tóng, 3 agg, 4 sálin, 7 bannorð, 9 óvirða, 12 kurr, 14 tef, 16 uu.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Hikaru Nakamura (2760) átti leik gegn Alireza Firouzja (2793) á áskorendamótinu í skák í Madrid.

31. Hg3! Hxg3 32. fxg3 1-0.
Í dag eru 50 ár síðan einvígi aldarinnar var sett í Þjóðleikhúsinu. Í tilefni þess verður athöfn í Reykjavík Natura þar sem Guðmundur G. Þórarinsson fer yfir aðdragandann og setninguna.

www.skak.is: Áskorendamótið í Madrid.

Sudoku

	1	4		2				
	2				4		9	5
3	5					6		
			1			9	6	
8	4	9			2			
7				5		2		
		5	7	4			2	
						4	1	
	9	6		1		7		

1	7						2	4
4					2			
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
			1			3		
		5		8			1	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Bannað að nota táknmál

Júlía Guðrún Hreinsdóttir og tvíburabróðir hennar fæddust bæði heyrnarlaus eftir að móðir þeirra sýktist af rauðum hundum á meðgöngu. Stór árgangur heyrnarlausra barna fæddist árið 1964, aðallega vegna veirusýkingarinnar. Júlía fór í Heyrnleysingjaskólann aðeins fjögurra ára gömul en þar var slegið á fingur nemenda ef þeir reyndu að nota táknmál, enda áttu allir að læra að tala með rödd og lesa af vörum. Nýverið skilaði Júlía meistararitgerð við Háskóla Íslands, á sínu eigin máli, táknmáli.

Köngulær nytsamleg húsdýr

Ingi Agnarsson líffræðingur hefur starfað með og rannsakað köngulær í hartnær þrjátíu ár. Meðal þess sem Ingi hefur uppgötvað með rannsóknum sínum er köngulóarsilki, sem er með sterkari efnum í lífheiminum en jafnframt afar teygjanlegt.

Útsalan er hafin í Curvy 30-50% afsláttur

Ekki missa af því besta á útsölunni!!
Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

1.795 kr./pk.

Kjötsúpa
1 kg

Kjúklingasúpa
1 kg

598 kr./pk.

Grjónagrautur
1 kg

Ómissandi í ferðalagið

aðeins að hita



398 kr./pk.

Roncadin
ítalskar pizzur
350-380 g

398 kr./pk.

Myllu hvítt samlokubrauð
770 g

459 kr./pk.

Boson sjálfspróf

BÓNUS

Verð gildir til og með 3. júlí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

698
kr./pk.

Fersk kirsuber
500 g
Spánn

698
kr./pk.

Jarðarber
454 g
USA

798
kr./pk.

Bláber
500 g
S-Ameríku

259
kr./pk.

Ný uppskera

Kartöflur
1 kg
Danmörk

398
kr./pk.

Lárperur í neti
750 g

298
kr./pk.

Lárperur
2 pk

98
kr./stk.

Yankie
50g

1.359
kr./pk.

Prins póló
kassi
32 stk.

98
kr./stk.

Egils sumarmix
330 ml

Ódýrstu kjúklinga-bringurnar í Bónus

1.498
kr./pk.

Frosnar kjúklingabringur
900 g
Danmörk

998
kr./pk.

Stökkir kjúklingafingur
350 g

1.998
kr./kg

6 sneiðar í pk.

Íslandslamb
lambagrillpakki

Sama verð og í fyrra

Sunna Björk Mogensen frá Gagarín og Vignir Guðjónsson hjá Skyrlandi.

Skyrlandið góða verðlaunað ytra

toti@frettabladid.is

Upplifunarsýningin Skyrland í Mjólkurbúinu í nýja miðbænum á Selfossi hefur gert það gott úti í hinum stóra heimi undanfarið þar sem hún hefur hlotið alþjóðleg hönnunarverðlaun fyrir upplifunarhönnun og gagnvirka miðlun.

Sýningin fjallar um skyr og matarmenningu Íslands í fjölbreyttum og frumlegum innstillingum og reynir á öll skilningarvit því gestir fá að horfa, snerta, þefa, hlusta, sjá og smakka.

Meira skyr á Selfossi.

Skyrland hlaut gullverðlaun í flokki gagnvirkrar miðlunar á Indigo hönnunarverðlaununum í Istanbúl og bronsverðlaun í sambærilegum flokki á Evrópsku hönnunarverðlaununum, sem voru afhent í síðustu viku í Tallin. Verðlaunin í Eistlandi eru þau þriðju á skömmum tíma en í apríl fékk Skyrland FÍT verðlaunin fyrir gagnvirka miðlun.

„Þessi verðlaun eru ánægjuleg viðurkenning, og um leið staðfesting á þeim sköpunarkrafti og frumleika sem einkennir sýninguna," segir Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skyrlands.

Snorri Freyr Hilmarsson, Gagarín og fleiri sérfræðingar hönnuðu sýninguna en Verkstæðið sá um smíði og uppsetningu leikmynda og sýningaratriða. ■

Engin pása hjá Afa þótt Pási sé allur

Örn Árnason var aðeins 28 ára þegar hann kom fyrst fram sem Afi á Stöð 2. Þeir Afi eru enn að og sá gamli er byrjaður að ausa af botnlausum fróðleiksbrunni sínum á Storytel og ætla má að áheyrendur séu margir hverjir börn, eða jafnvel barnabörn, fyrstu áhorfenda hans.

toti@frettabladid.is

„Ég hef verið að lesa svolítið fyrir Storytel og svo kom þetta bara upp. Ég held ég hafi hent þessari hugmynd inn og það var bara stokkið á þetta," segir Örn Árnason sem lék Afa fyrst á Stöð 2 þegar hann var 28 ára og hefur nú, 35 árum síðar, fundið þeim gamla nýjan vettvang með Sögustund með Afa á Storytel.

Örn, sem skrifar sjálfur allan textann ofan í Afa, segir hugmyndina að baki Sögustundinni vera að segja krökkum stuttar sögur sem hægt sé að hlusta á í heilu lagi fyrir svefninn.

„Annaðhvort eru þetta tvær litlar sögur eða ein saga í tveimur hlutum. Á milli þessara tveggja sagna og á undan og eftir er alltaf fróðleiksmoli," segir Örn og bætir við að sem fyrr sæki Afi fróðleik sinn úr öllum áttum og kemur með dæmi.

„Fyrir hvað stendur M og M í nafni sælgætisins? Veistu það? Þetta stendur fyrir Mars og Murrie sem fundu upp nammið," segir Örn og hlær.

Minningar úr Hrísey

Tíu Sögustundir eru nú þegar komnar á Storytel og Örn er byrjaður að taka næstu syrpu upp og segir lagt upp með að gera fjórar þáttaraðir og þá 40 þætti í það heila.

„Fyrsta þáttaröðin er að stórum hluta íslenskar þjóðsögur sem ég hef endurskrifað svolítið og svo hef ég skrifað svona sögur frá því ég var að alast upp í Hrísey. Ég sný því svolítið upp á kallinn, eins og þetta hafi kannski gerst fyrir 70–80 árum en það eru nú samt reyndar ekki nema kannski 50, en samt nógu langt," segir Örn og hlær. „Þannig að þetta eru svona minningarsögur, þjóðsögur og svo einstaka ævintýri sem ég hef bara fundið hist og her."

Örn segist jafnvel finna ævintýri á netinu sem hann þýði, endursegi og lagi að íslenskum hlustendum. „Næsta sería snýst um það sem ég kalla samskipti manna og dýra. Þar sem dýrin hjálpa mannfólkinu á einn eða annan hátt og þær sögur eru allar sannar."

Örn með lánsgauk í gervi Afa við upptökur hjá Storytel sem þrátt fyrir ákveðinn glæsileik mun seint geta komið í staðinn fyrir Pása heitinn. MYND/AÐSEND

Mun yngri Örn Árnason í hlutverki Afa á meðan hann hafið hinn dáða Pása sér til halds og trausts.

Bob Keeshan sem Captain Kangaroo í samnefndu barnaefni sem gekk á CBS frá 1955 til 1984. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Fyrir hvað stendur M og M í nafni sælgætisins? Veistu það?

Pási litli

Örn birtist sjónvarpsáhorfendum fyrst sem Afi 1987, þegar hann var 28 ára, ári eftir að Stöð 2 hóf útsendingar. „Þetta er hressilegt," segir Örn, sem hefur elst með Afa síðustu 35 ár. „Þegar Afi byrjaði ´86 þá var hann með lítinn páfagauk sem hét Pási sem var feikivinsæll hjá krökkunum en honum entist nú ekki aldur til þess að fylgja mér alla leið."

En Afi er enn að og Örn segir viðbrögðin við sögum hans á nýjum vettvangi góð. „Ég hef bara fengið jákvæð viðbrögð, sem betur fer, alveg 7-9-13. Fólk er að taka mjög vel í þetta," segir Örn en hann og Afi eiga óhjákvæmilega stórt og gott bakland eftir að hafa stytt börnum stundir í tæpa fjóra áratugi.

„Ég er með svolitla forgjöf og ég er svo sáttur við að ég er sko að fá áheyrendur á öllum aldri og það finnst mér gaman."

Kafteinn kengúra

Þegar Örn er spurður hvort honum hafi ekkert þótt galin pæling, ekki eldri en hann var, að leika Afa á sínum tíma svarar hann ákveðið: „Nei. Alls ekki. Alls ekki," og upplýsir í framhaldinu að hann hafi horft til ákveðinnar fyrirmyndar úr Kanasjónvarpinu.

„Ég ólst mikið upp við það og þar var karakter sem hét Captain Kangaroo, Kafteinn kengúra, og þetta voru bara þættir sem ég var límdur yfir þannig að eðlilega kannski var ég svolítið smitaður af honum.

Gervið og tilfinningin eru kannski ekkert ósvipuð með því að hafa einhvern svona eldri en samt sem áður er þetta ekki alveg það sama og efnistökin önnur. Svo langaði mig bara að búa til svona afa. Einn sem vissi allt og þú gast leitað skjóls hjá, menningar- og tilfinningalega."

Og þú ert væntanlega ekki í vandræðum með að detta í karakter eftir að hafa verið samferða Afa í allan þennan tíma?

„Nei, og ég hafði svo gaman af því að þegar ég var í upptökunum fyrir Afa-þættina að hann tók bara yfir, kallinn. Ég skrifaði alla þessa þætti og allt sem þar kemur fram og lét mér yfirleitt nægja að gera svona beinagrind að þættinum og ákveða svona nokkurn veginn hvað ég ætlaði að segja og svo bara þegar ég var búinn að líma á mig skeggið og kominn í gallann þá bara tók hann yfir með sínu orðalagi, nærgætni við áhorfandann og öllu saman.

Ég þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur og zónaði bara næstum því út á meðan hann var að vinna," segir Örn og hlær. ■

Sigga Beinteins rokkar í leðrinu á meðan Reykjavík brennur

toti@frettabladid.is

Reykjavík stendur í ljósum 80´slogum í laginu Reykjavík brennur þar sem Karl Orgeltríó teflir sjálfri Siggu Beinteins fram í mjög svo nostalgískum ham.

„Það er gaman að heyra rokkhliðina á Siggu aftur," segir Karl Olgeirsson, orgelleikari hljómsveitarinnar. „Svona var hún þegar ég heyrði hana fyrst með hljómsveitinni KIKK upp úr 1980."

Reykjavík brennur kemur út, ásamt tónlistarmyndbandi, á fimmtudaginn í næstu viku og Karl lýsir laginu sem kraftmiklu afturhvarfi til nýbylgju og nýrómantíkur níunda áratugarins.

Sigga keyrði kraftinn upp

„Það var svo gaman daginn sem Sigga kom í hljóðverið að syngja þetta. Hún vildi meiri kraft í lagið og hafa það í sífellt hærri tóntegund þannig að við enduðum sex tónbilum ofar en við ætluðum í upphafi. Við þurftum að taka gítar og orgel upp aftur eftir á til að halda í við hana. Enda hljómar hún bara eins og tvítug Sigga."

Karl og félagar fengu kvikmyndagerðarkonurnar Ástu Jónínu Arnardóttur og Signýju Rós til að gera tónlistarmyndbandið. „Þær ákváðu mjög fljótlega að skjóta það á gamla vídeóupptökuvél til að fá þetta 80´s lúkk. Það var mjög ánægjulegt að vinna með þeim en þrátt fyrir ungan aldur eru þær þrautreyndar og hafa unnið margskonar verkefni fyrir fjölmarga listamenn."

Gamli leðurgallinn

Ekki spillti fyrir gleðinni að tökurnar fóru fram á skemmtilega sólríkum og heitum sumardegi í Reykjavík þannig að þau skemmtu sér konunglega við tökurnar sem fóru fram á Granda, í gamla fangelsisgarðinum á Skólavörðustíg og gámasvæði niðri á höfn. „Sigga var á suðupunkti í gamla leðurgallanum," segir Karl hæstánægður með þetta allt saman.

Karl segir að eftir að hafa unnið með Ragga Bjarna við síðustu stóru plötuna hans, Happy Hour, 2017 hafi hljómsveitin ákveðið að gera nokkur frumsamin lög með söngkonum. Reykjavík brennur, með Siggu, er þriðja slíka smáskífan og kemur í kjölfar What Can You Do To Me? með Rakel Sigurðardóttur og Bréfbátar með Sölku Sól. „Svo eru fimm lög í viðbót tilbúin, hvert með sinni söngkonunni. Þetta kemur allt út á vínylplötu á næsta ári en væntanlega náum við að senda nokkrar smáskífur frá okkur þangað til." ■

Sigga Beinteins kemur með trukki til liðs við Karl Olgeirsson og félaga í Orgeltríóinu í laginu Reykjavík brennur. MYND/ÁSTA JÓNÍNA

Miklu meira en bara ódýrt

Loftpressur
mikið úrval

Hjólafesting
á bíl

Viðgerðar-
kollur

Viðgerðarbretti

Vélagálgi 2T

Jeppatjakkur
2.25T

Hjólatjakkur
2T m/tösku

Vélastandur 500kg

Burstar
í borvél

AirBrush
loftdæla

6T Búkkar
605mm Par

Startkaplar

Hleðslutæki 12V 6A

Háþrýstidælur

Flugnanet
margar gerðir

Mikið úrval af
verkfæratöskum

Jarðskrúfa
785

1/2 Toppasett

Steðjar í
miklu úrvali

1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

Verkfærasett
108 stk

Skrall-lyklar 8-17

Vice Multi
angle
6.985

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

Ranamyndavél

Bón og bílavörur
í miklu úrvali

Verðmæta-
skápar
frá 4.995

Fötur og
balar í miklu
úrvali

Lyklabox
í miklu
úrvali

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast/Stál

Barnaverkfærasett

Lím-
byssur

Verkfærasett

Stigar og
tröppur í úrvali

Pennslasett
10 stk.

Fjölsög
Höfftech

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

Súluborvél 350W

Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm

Metabo
KS216 bútsög

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

SKANNAÐU KÓÐANN

Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.

frettabladid.is

Loks fær Can´t Walk Away að hljóma á Þjóðhátíð

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur Herbert Guðmundsson aldrei skemmt á Þjóðhátíð en nú er loksins komið að því að hann mæti í Herjólfsdal og hiti upp fyrir Brekkusönginn með öllum sínum „hitturum“ og auðvitað þarf ekki að spyrja hvort hann taki Can´t Walk Away.

toti@frettabladid.is

Hebbi er á leið til Eyja með góðan stuðbyr í seglunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hef aldrei verið á Þjóðhátíð. Hvorki til að skemmta mér né til að skemmta fólki,“ segir Herbert Guðmundsson, sem ætlar að taka alla sína „hittara“ í Eyjum um verslunarmannahelgina.

„Mér finnst þetta rosa heiður. Það verður nú að segjast eins og er. Ég er á sunnudeginum á undan Brekkusöngnum þannig að það er bara heiðurinn ógurlegi,“ segir Hebbi og dregur hvergi úr því hversu peppaður hann er fyrir þessu giggi sem, ef af líkum lætur, verður það fjölmennasta sem hann hefur mætt á allan sinn feril.

En hvað kemur til? Hringdi bara þjóðhátíðarnefnd í þig og bara: You can´t walk away. Nú kemurðu í Dalinn?

„Já, það var einhvern veginn þannig, sko. Ég er náttúrlega mjög tengdur Eyjunum. Ég var á sjó þarna. Ég var kokkur á Guðberginu. Ég var á loðnunni þarna í „old days“ þannig að ég á bræður í Vestmannaeyjum. Raggi rakari er bróðir minn og Siggi Gúmm, sem er frægur Vestmannaeyingur og var formaður Hrekkjalómafélagsins,“ heldur Hebbi áfram.

Nær til krakkanna

„Síðan er ég náttúrlega búinn að eiga lag sem fór í 1. sæti, Með stjörnunum, og svo er bara einhvern veginn búinn að vera rosalegur meðbyr. Ég er búinn að vera svo mikið að skemmta krökkunum í fjölbrautaskólunum og menntaskólunum. Ég var á árshátíð Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum um daginn, sextán til nítján ára krakkar.

Ég er að skemmta í tvítugsafmælum. Ég er bara að ná til krakkanna og finnst það æðislegur heiður,“ segir Hebbi sem telur vindinn sem hann er með í seglunum loksins hafa skilað honum á hátíðina þar sem hann ætlar að keyra stuðið í botn.

„Ég er nú með svona stuðprógramm sem ég tek mikið þegar ég er að skemmta,“ segir Hebbi þegar hann er spurður hvort hann ætli að bjóða upp á gamalt efni í bland við nýtt.

„Tekurðu ekki örugglega Can´t Walk Away?“ segir hann með leikrænum tilþrifum þegar hann ber upp þráláta spurningu sem hann fær reglulega. Nei, ég sleppi því,“ svarar hann síðan sjálfum sér í hæðni.

„Auðvitað tek ég Can´t Walk Away og ég tek Með stjörnunum og Eilíf

Can´t Walk Away er geggjað lag sem hvorki Hebbi né aðrir geta sleppt.

ást. Ég er með svona uppfærða Stop Wait Go útgáfu af Eilíf ást sem virkar ofsalega vel þegar ég er að skemmta á stórum árshátíðum, böllum og svona. Svo les maður salinn, skilurðu?“

Dansa eins og óðir

Auðvitað verður ekki hjá Can´t Walk Away komist en ertu orðinn leiður á því?

„Nei. Maður kemst yfir það þegar þú horfir á salinn og allir spretta upp og byrja að dansa eins og óðir. Það gefur manni svo mikið kikk að sjá hvernig það virkar á salinn,“ segir Hebbi og kallar til vitnis plötusnúða sem hann hitti stundum. „Þeir segja mér að ef það er þungur salur þá setji þeir bara Can´t Walk Away á og allir fara á gólfið.“

Þetta er náttúrlega tærasta 80´s-lag allra tíma og hefði í raun átt að gera þig heimsfrægan. Hvað var eiginlega að gerast í hausnum á þér þegar þú hittir á þennan hreina tón?

„Maður á svona lög bara. Þetta er eitthvert „magic“. Ef ég vissi formúluna þá væri ég búinn að nota hana oft. En náttúrlega nýja lagið mitt, Með stjörnunum, nú eru menn sko að segja við mig að þeim finnist Með stjörnunum eiginlega betra en Can´t Walk Away. Svo segja aðrir bara: Nei, ekki að ræða það. Það er gaman af þessu.“ ■

Þroskasaga um þjáningu karlmanns

ninarichter@frettabladid.is

Í dag hefst sex hluta hljóðserían Skerið á Storytel. Handrit verksins, eftir Áslaugu Torfadóttur og Ragnar Egilsson, sigraði í hugmyndasamkeppninni Eyranu sem haldin var á vegum hljóðbókarisans á síðasta ári. Um er að ræða nokkurs konar millistig hljóðbókar og útvarpsleikrits og leikstjóri verksins er Hallveig Eiríksdóttir.

„Mér leið eins og við værum að gera útvarpsleikrit,“ svarar Haraldur Ari Stefánsson um leikaravinnuna í Skerinu, en hann túlkar aðalpersónu verksins sem hann lýsir sem misheppnuðum gæja.

„Hann þjáist af því sem örugglega margir karlmenn á Íslandi þjást af, að vorkenna sjálfum sér. Það er aldrei neitt honum að kenna. Hann er misheppnaður og seinheppinn og fer einföldu leiðina í gegnum lífið,“ segir Haraldur Ari. „Hann hatar ekki að fá sér og endar á Tenerife, eða eyju sem er þarna rétt hjá ...“ segir hann og bætir síðan

Haraldur Ari Stefánsson fer með aðalhlutverkið í Skerinu sem er afrakstur handritasamkeppni Storytel. MYND/AÐSEND

við að hann vilji ekki tala af sér.

Aðspurður hvort hér sé þroskasaga á ferðinni svarar Haraldur Ari játandi.

„Ég myndi segja að þetta væri þroskasaga manns sem er aðeins búinn að misskilja lífið hingað til. Þetta er mjög skemmtilegt og metnaðarfullt hjá þeim. Þau vanda sig við leikaraval og þetta allt,“ segir hann og ítrekar að leikhópurinn hafi verið frábær.

Auk Haraldar Ara fer Guðmundur Ingi Felixson með hlutverk. Aðrir leikendur eru Stefán Hallur Stefánsson, Albert Halldórsson, Svandís Dóra Einarsdóttir og Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Við höfum svalað þorsta Íslendinga í 80 ár

Coca-Cola
EUROPACIFIC
PARTNERS

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Svanborgar Sigmarsdóttur

Berjumst gegn bakslagi

Öllum skrefum áfram í átt að réttindum og frelsi fylgir hætta á bakslagi. Spurðu bara femínista, baráttufólk hinsegin samfélagsins eða hvaða minnihlutahóp sem er. Þau sem staðið hafa í stafni mannréttindabaráttu, að berjast fyrir því að öll eigi sömu réttindi, sömu tækifæri til að lifa, vinna, læra og elska, geta sagt varnaðarsögur af því þegar afturkippurinn kom.

Á þriðja áratug 20. aldar komu dugleg spörk í gömul, íhaldssöm gildi, sérstaklega í vestrænum borgum. Með kosningarétt í vasanum klipptu konur hár sitt, djömmuðu, fóru í skóla og vinnu og lýstu því yfir að þær væru líka kynverur. Lífleg samfélög hinsegin fólks mynduðust í stórborgum, þar sem fólk gekk hnarreist um og réttindasamtök leyfðu sér að vera hávær. Um áratug síðar var svo búið að traðka þessa frjálslyndu sprota niður. Ekki bara í ríkjum sem kenndu sig stolt við nasisma eða fasisma, heldur um allan hinn vestræna heim.

Bakslög verða því það eru ekki allir sannfærðir um að allir eigi í raun sömu réttindi og það sjálft. Þess í stað sé sumt fólk á einhvern hátt „afbrigðilegt“ [les. ekki jafngilt öðrum]. Og þar sem fólkið sjálft sé skör lægra en það sjálft séu réttindi þeirra það líka.

Austan og vestan við okkur eru sterk öfl sem vilja traðka niður frjálslynda garða. Sem segja að þetta mannréttindatal hafi gengið of langt. Því þurfi að koma böndum yfir konur, hinsegin fólk og aðra minnihlutahópa. Það þurfi að stjórna líkömum þeirra, ástum og tilveru. Háskólar megi ekki gefa þessum hópum vigt með því að rannsaka heiminn út frá sjónarhorni þeirra. Og allar þessar raddir eiga heima á Íslandi líka. Sem finnast réttindi annarra og tilvera minna virði en þeirra sjálfra. Því lýkur mannréttindabaráttu aldrei. ■

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn.
90 x 200 cm. Verð: 30.900 kr. Nú 12.360 kr.
160 x 200 cm. Verð: 56.900 kr. Nú 22.760 kr.
180 x 200 cm. Verð: 60.900 kr. Nú 24.360 kr.

LACOSTE SLOPPUR
Ýmsir litir og stærðir.
Verð: 29.900 kr.
Nú 22.425 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

Svífðu inn í sumarið með nýrri græju!

Fáðu það besta út úr sumrinu með nýjum síma eða spjaldtölvu.

5G

15.000 króna afsl.

Apple
iPhone 13 Pro Max
128GB
204.990 kr.
~~219.990 kr.~~

5G

15.000 króna afsl.

Apple
iPhone 13 Pro
128GB
184.990 kr.
~~199.990 kr.~~

5G

10.000 króna afsl.

Apple
iPhone 13
128GB
142.990 kr.
~~152.990 kr.~~

10.000 króna afsl.

Apple
iPhone 11
64GB
89.990 kr.
~~99.990 kr.~~

5G

15.000 króna afsl.

Samsung
Galaxy A52s
128GB
54.990 kr.
~~69.990 kr.~~

5G

10.000 króna afsl.

Samsung
Galaxy A53
256GB
79.990 kr.
~~89.990 kr.~~

5G

15.000 króna afsl.

Samsung
Galaxy A22
128GB
34.990 kr.
~~49.990 kr.~~

Sjáðu verðið!

Xiaomi
Redmi 9AT
32GB
19.990 kr.

20% afsl.

EQUA
Snjallbrúsi
7.992 kr.
~~9.990 kr.~~



40% afsl.

3-faldur
Hleðslu-standur
4.794 kr.
~~7.990 kr.~~

20% afsl.

Ásgarður
Folf-sett
3.992 kr.
~~4.990 kr.~~

50% afsl.

Pökkur
Borðspil
2.495 kr.
~~4.990 kr.~~

ndi léttar rvörur ig!

r um á rafskútu, g ekki gleyma ig.

10.000 króna afsl.

Power
Zero 9 rafskúta
76.990 kr.
~~86.990 kr.~~
Frí heimsending!

25.000 króna afsl.

Power
Zero 10 rafskúta
159.990 kr.
~~184.990 kr.~~
Frí heimsending!

10.000 króna afsl.

Xiaomi
Essential rafskúta
39.990 kr.
~~49.990 kr.~~
Frí heimsending!

Skipt og skilað
Við endurgreiðum ef hann er ekki sá rétti

Díll er díll
Splæsum mismuninn ef verðið lækkar

Afsláttur af aukahlutum
10% afsláttur af aukadóti með símanum

Endurgræddu
Gamalt og gott upp í nýtt og betra

Vertu með AlltSaman hjá Nova!

Eitt verð fyrir ótakmarkað net heima, í farsímana, snjalltækin og úrin fyrir alla á heimilinu. Borgaðu minna og nýttu sparnaðinn í eitthvað skemmtilegt, eins og allar streymisveiturnar.

Prófaðu frítt í mánuð

Mikið

- Ótakmarkað heimanet
- 2x farsímar með ótakmörkuðu neti
- MínusÁtján fyrir krakkana
- NovaTV á 0 kr.

14.990 kr. /mán.

Ótakmarkað

∞GB

Í allar græjurnar þínar með heimaneti hjá Nova. Farsíminn, spjaldtölvan, bústaðurinn og allt sem þarf í fríið!

2.990 kr. /mán

Bíó Klipp

FYRIR þIG

5 bíóferðir á 4.690 kr.

Sæktu Nova appið!

Fáðu bíóferðina alltaf á besta dílnum. Skemmtu þér, fyrir þig!

Matar Klipp

FYRIR þIG

4 máltíðir á 5.990 kr.

Sæktu Nova appið!

Hámaðu í þig gúmmelaði af matseðli á ótal veitingastöðum.

SjálfsVörn hjá Nova

Farðu áhyggjulaus í fríið!

Nú hafa allir efni á öryggi fyrir heimilið! Ekkert stofngjald, uppsetning innifalin og hágæða snjallkerfi beintengt við símann. Vertu með heimilið í öruggum höndum... þínum.

Ekkert stofngjald

Verð frá **3.990 kr.** á mánuði

NOVA